

BRAGI ÞORGRÍMUR ÓLAFSSON

„HUGSAÐU TIL MÍN, BRÓÐIR MINN,
EF ÞÚ SÉRÐ MERKILEG HANDRIT, EÐA
GAMLAR BÆKUR VEL UM GENGNA“

Yfirlit yfir handritasöfnun Jóns Sigurðssonar 1840–1879

Inngangur

Í ævisögu sinni um Árna Magnússon (1663–1730) er kom út árið 2012 benti Már Jónsson, prófessor í sagnfræði (f. 1959), á mikilvægi þess að þekkja söfnunar- og varðveislusögu íslenskra miðaldahandrita. Sú saga væri nauðsynleg til að þekkja tilurð handritanna og sögulegt samhengi þeirra í aldanna rás. Hún væri þó oft mörgum hulin: „Students and scholars in their hundreds now pore over these texts, extracting their meaning and investigating their relations to one another, most of the time oblivious to the circumstances that led to their being preserved at all for posterity. This should not be so.“¹ Í kjölfarið nefndi Már nokkur sérkenni á íslenskum handritaarfi sem rekja mætti til söfnunaráherslna Árna og varðveislusögu handrita hans og bætti svo við: „If this extraordinary collection of manuscripts is to be explained the life of the collector has to be investigated. Manuscripts and documents did not just arrive at his door.“² Már fylgdi jafnframt ábendingu E.C. Werlauffs (1781–1871) frá 1836 um rannsóknir á handritasöfnun:

Ved en Samling af haandskrevne Monumenter, som den Arne-Magnæanske, den eneste og fortrinligste i sit Slags, bliver det altid interessant, at kjende dens første Oprindelse, bemærke dens succes-

1 Már Jónsson, *Arnas Magnæus philologus (1663–1730)*. The Viking Collection. Studies in Northern Civilization (Odense: University Press of Southern Denmark, 2012), 10–11. Allar beinar tilvitnanir hafa verið færðar til nútímahorfs.

2 Már Jónsson, *Arnas Magnæus philologus*, 21.

sive Forøgelse, og undersøge de heldige eller uheldige Omstændigheder, gennem hvilke den naaede sit nærværende Standpunkt.³

Orð þeirra Más og Werlauffs eru ágæt áminning um nauðsyn þess að rannsaka sögu handritasöfnunar og einstakra handritasafnara ekki síður en texta þeirra handrita sem þeir söfnuðu: af hverju þeir réðust í söfnun handrita, hverju söfnuðu þeir og hverju ekki, hvaða hindranir voru í vegi þeirra, hvaða söfnunaraðferðum var beitt og svo framvegis. Slíkar upplýsingar gefa sögu einstakra handrita aukna dýpt. Í hvað er t.d. verið að vísa í handritaskrá Landsbókasafns þar sem segir að ritgerðasafn frá átjándu öld í ÍB 31 4to sé „geysiskaddað af brunanum 1847“?⁴ Hvaða áhrif höfðu bágar samgöngur innanlands á handritasöfnun á Íslandi um miðja nítjándu öld? Af hverju vildi Benedikt Vigfússon á Hólum (1797–1868) frekar senda bóka- og handritasafn sitt „í Víti“ en til Landsbókasafns árið 1859?⁵ Af hverju safnaði Jón Sigurðsson forseti (1811–1879) rímum um miðja nítjándu öld sem voru þá „farnar að verða viðbjóður mörgum greindum Íslendingum,“ eins og Ásgeir Einarsson (1809–1885) ritaði til Jóns í janúar árið 1855?⁶ Atriði á borð við þessi eru hluti af söfnunarsögu íslenskra handrita sem nauðsynlegt er að halda til haga eins og Már benti á. Í þessari grein verður fjallað um söfnun eins ötulasta handritasafnara nítjándu aldar, Jóns Sigurðssonar forseta, og greint frá söfnunarstefnu hans, aðferðum, umfangi, tengslaneti og hindrunum er honum mættu.

Umfang og fyrri rannsóknir

Jón er talinn vera mikilvirkasti handritasafnari Íslendinga á eftir Árna Magnússyni.⁷ Hann viðaði að sér alls 1.402 handritum á um fjörutíu ára tímabili og stóð einnig að handritasöfnun á vegum Kaupmannahafnardeildar

3 E.C. Werlauff, „Biographiske efterretninger om Arne Magnussen; ved Jon Olafsen fra Grønnavik. Med inledning, anmærkinger og tillæg af E.C. Werlauff,“ *Nordisk Tidsskrift for Oldkyndighed* 3 (1836): 83.


4 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II. bindi (Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1927–1932), 739.

5 *Úr fórum Jóns Árnasonar*. Sendibréf I. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík: Hlaðbúð, 1950–1951), 104.

6 Þí. E.10.1, Ásgeir Einarsson til Jóns Sigurðssonar 4. janúar 1855.

7 Einar Laxness, *Jón Sigurðsson forseti 1811–1879. Yfirlit um ævi og starf í máli og myndum* (Reykjavík: Sögufélag, 1979), 150.

Hins íslenska bókmenntafélags sem telur alls 1.610 handrit. Samanlagt eru þessi söfn drjúgur hluti af íslenskum handritaarfi síðari alda, eða um 22% af skráðum handritum í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.⁸



Skýringarmynd 1. Samsetning handritasafns Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Heimildir: Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins I–III*; Páll Eggert Ólason, *Handritasafn Landsbókasafns. I. aukabindi*; Lárus H. Blöndal, *Handritasafn Landsbókasafns. II. aukabindi*; Grímur M. Helgason og Lárus H. Blöndal, *Handritasafn Landsbókasafns. III. aukabindi*; Grímur M. Helgason og Ögmundur Helgason, *Handritasafn Landsbókasafns. IV. aukabindi*.

Athugasemd: Hér er miðað við fjölda skráðra handrita í prentuðum handritaskráum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er komu út 1918–1996. Nokkur fjöldi handrita hefur bæst við safnið síðan þá.

8 Hér er miðað við skrá Páls Eggerts Ólasonar yfir handritasafn Landsbókasafns, þar á meðal safn Jóns: Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins I–III* (Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1918–1937) og skrá Jakobs Benediktssonar yfir skinnblöð í Landsbókasafni: Jakob Benediktsson, „Skrá um skinnblöð í Landsbókasafni Íslands,“ Lárus H. Blöndal, *Handritasafn Landsbókasafns. II. aukabindi* (Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1959), [eigið tal]. Talning handrita er þó ekki einhlit eins og Jón Helgason prófessor benti á í *Handritaspjalli* sínu: Jón Helgason, *Handritaspjall* (Reykjavík: Mál og menning, 1958), 7–8. Þannig taldi Lúðvík Kristjánsson handrit Jóns vera 1.342 talsins (Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar* (Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1961), 337) og í *Minningarriti* Landsbókasafns eru þau talin vera 1.293 (Jón Jacobson, *Landsbókasafn Íslands 1818–1918. Minningarrit* (Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1919–1920), 134).

Handritasafn Jóns hefur nýst við rannsóknir á sviði íslenskra bókmennta og sagnfræði í um 150 ár, eða allt frá því að það var formlega afhent Landsbókasafni árið 1881.⁹ Söfnunin sjálf hefur þó aðeins verið skoðuð að litlu leyti og staðið í skugga af stjórnmalastörfum Jóns eins og gefur að skilja. Nokkuð hefur þó verið fjallað um fræðastörf hans, aðallega heimilda- og fornritaútgáfur.¹⁰ Í ítarlegasta verkinu sem skrifað hefur verið um Jón, fimm binda ævisögu Páls Eggerts Ólasonar (1883–1949) sem kom út á árunum 1929–1933, er greint frá handritasöfnuninni að nokkru leyti en sú umfjöllun miðast helst við texta sem Jón safnaði og ætlaði hugsanlega að gefa út.¹¹ Páll benti á að safninu yrði lýst nánar í handritaskrá Landsbókasafns sem kom út um svipað leyti — og hann tók sjálfur saman.¹² Í þeim hluta skrárinnar sem nær yfir safn Jóns er ítarleg lýsing á handritunum en engin úttekt á söfnuninni sem slíki (eins og nærri má geta í riti af því tagi).¹³ Þá má nefna að ekki eru til útgefnar sérskrár yfir handritasafn Jóns því að efnis- og nafnalyklar handritaskráa Landsbókasafns ná sameiginlega yfir öll 8.600 handrit aðalbindanna þriggja sem komu út á árunum 1918–1937. Af þessum sökum hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að draga upp afmarkaða heildarmynd af safni Jóns.¹⁴

Tæpum þrjátíu árum eftir að ævisaga Páls Eggerts kom út fjallaði Lúðvík Kristjánsson fræðimaður (1911–2000) stuttlega um söfnunina í

9 *Stjórnartíðindi* 1881 B, 81.

10 Jón Þorkelsson, „Um vísindalega starfsemi Jóns Sigurðssonar,“ *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 3 (1882): 1–30; Finnur Jónsson, „Vísindastörf Jóns Sigurðssonar,“ *Skírnir* 85 (1911): 153–184; Björn M. Ólsen, „Jón Sigurðsson og Bókmenntafelagið,“ *Skírnir* 85 (1911): 234–259; Jón Þ. Þór, „Sagnfræðingurinn Jón Sigurðsson,“ *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 51 (2011): 101–114; Sverrir Jakobsson, „Um fræðastörf Jóns Sigurðssonar,“ *Andvari* 136:1 (2011): 47–62; Einar Laxness, „Sagnfræðingurinn Jón Sigurðsson,“ *Íslenska söguþingið* 28.–31. maí 1997. Ritstjórar Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson. Ráðstefnurit I (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, 1998), 19–27.

11 Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson* I. bindi. Viðbúnaður (Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, 1929), 352–353. Umfjöllun Páls um handritasafn Jóns er á bls. 312–317 í V. bindi, 351–355 í I. bindi og 412–415 í III. bindi.

12 Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson* V. bindi (Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, 1933), 315 og 317.

13 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II, 451–713.

14 Aðalbindi handritaskráanna komu út í þremur bindum á árunum 1918–1937 og eru efnis- og nafnalyklar í lok þriðja bindis. Aukabindin, sem eru fjögur talsins og komu út á árunum 1947–1996, eru með sér efnis- og nafnalykla.

bók sinni *Á slóðum Jóns Sigurðssonar* (1961). Þar greindi hann einkum frá samskiptum Jóns og auðkýfingsins George Powells (1842–1882) og kaupunum á handrita- og bókasafni Jóns í því samhengi (sjá kaflann „Afdrif og skráning“ hér á eftir).¹⁵ Grímur M. Helgason (1927–1989) fjallaði um samskipti Jóns og Jóns Borgfirðings (1826–1912) vegna handritakaupa í grein í *Árbók Landsbókasafns Íslands* árið 1978.¹⁶ Þar studdist hann við bréfaskipti þeirra sem Finnur Sigmundsson landsbókavörður (1894–1982) gaf út árið 1946 í ritsafninu *Menn og minjar*.¹⁷ Guðjón Friðriksson (f. 1945) skrifaði tveggja binda ævisögu Jóns sem kom út á árunum 2002–2003, en þar er afar lítið fjallað um handritasöfnunina, enda megináhersla verksins á aðra þætti í lífi Jóns.¹⁸ Að sama skapi hefur lítillaga verið fjallað um handritasöfnun Bókmenntafélagsins, einkum í afmælisritum þess.¹⁹ Höfundur þessarar greinar skrifaði svo doktorsritgerð um söfnun Jóns og Bókmenntafélagsins árið 2022 og er greinin byggð að mestu á henni.²⁰

Upphaf og hvatar

Elstu heimildir um handrita- og bókasöfnun Jóns eru frá haustinu 1840. Þá var hann 29 ára að aldri, búinn að vera við nám og störf í Kaupmannahöfn frá 1833 og farinn að taka að sér æ viðameiri fræðaverkefni fyrir hin ýmsu fræðafélög þar í borg. Í bréfi sem hann ritaði til Gísla Hjálmarssonar (1807–1867), læknanema og góðvinar síns, 8. september 1840 kemur söfnunaráhugi hans skýrt fram:

15 Lúdvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, 203–341.

16 Grímur M. Helgason, „Af skrifuðum skræðum er allt gott.“ Þáttur af skiptum Jóns Sigurðssonar og Jóns Borgfirðings, *Árbók Landsbókasafns Íslands*. Nýr flokkur 4 (1978), 53–65. Grímur flutti jafnframt útvarpserindi um handritasöfnun Jóns í Ríkisútvarpinu 24. nóvember 1976 í þáttaröð hans *Haldið til haga*. Handrit Gríms að erindinu er að finna í Lbs 40 NF.

17 *Úr blöðum Jóns Borgfirðings*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. *Menn og minjar*. Íslenzkur fróðleikur og skemmtun 1 (Reykjavík: Leiftur, 1946), 94–139.

18 Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson I* (Reykjavík: Mál og menning, 2002), 536.

19 Jón Sigurðsson, *Hið íslenska bókmenntafélag. Stofnan félagsins og athafnir um fyrstu fimmtíu árin 1816–1866* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1867), 32–33 og 53–54; Páll Eggert Ólason og Björn M. Ólsen, *Hið íslenska bókmenntafélag 1816–1916. Minningarrit aldarafmælisins 15. ágúst 1916* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1916), 16–17 og 28–34. Sigurður Línal, *Hið íslenska bókmenntafélag. Söguágrip* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2016), 59–61; Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson III*, 351–354.

20 Bragi Þorgrímur Ólafsson, *Í útlendra höndum. Jón Sigurðsson og handritasöfnun á Íslandi 1840–1880*. Doktorsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands (2022).

Ég óska raunar að eiga allar íslenskar bækur og Íslandi viðkomandi, eins og þú veist, en ég skal þó tiltaka: Alþingisbækurnar, Gretlu, Búasögu etc. Hóla útgáfuna, Gustavs sögu og Bertholds, Vísnaðabókina gömlu, Túllins kvæði, rímur allskonar, guðsorðabækur, en einkum þær eldri, frá dögum Guðbrandar biskups og þaðanaf, t.d. Guðbrandsbiblíu, Grallara, o.s.frv. Allskonar handrit, þó ekki sé nema bréfasöfn, ef það er eftir nokkurn merkismann. Nákvæmar get ég ekki sagt þér, en ætíð er betra meira en minna, ef það fæst. Þá er: Annálar Björns á Skarðsá, fjórði partur Finns kirkjusögu, útlendar ferðabækur ef til væri.²¹

Þessar metnaðarfullu fyrirætlanir Jóns þarf að skoða í ljósi þeirrar söfnunarbylgju sem var mjög áberandi meðal evrópskra fræðimanna í upphafi nítjándu aldar. Þeir voru mótaðir af þjóðernisrómantik þess tíma þar sem lögð var áhersla á söfnun hvers konar menningarverðmæta og munnlegra heimilda er lutu að sögu og þjóðlegum háttum einstakra þjóða og þjóðarbrotu. Ráðist var í söfnun og skráningu þjóðsagna og staðhátta- lýsinga, lýsinga á þjóðháttum, tungumálum, fornmunum, handritum, bókum og svo mætti lengi telja víða um álfuna.²² Hvers kyns söfnun var jafnframt í tísku og heldri borgarar á meginlandi Evrópu leituðust við að eignast og sýna fágæta gripi í húsakynnum sínum sem var arfur frá „Kunstkammerhefð“ sextándu og sautjándu aldar.²³ Persónuleg söfn sumra þeirra urðu síðar hluti af þjóðsöfnum eða voru jafnvel byggð á þeim og opnuð almenningi.²⁴ Jón Sigurðsson benti lesendum *Nýrra félagsrita* á þessa safnabylgju sem reið yfir umheiminn árið 1844: „Engin þjóð er nú til í veröldinni, sem siðuð vill heita, að hún leggi ekki stund á að eiga góð bókasöfn, og hinar best menntuðu þjóðir verja ænum peningum úr

21 *Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar: 1811–1911, 17. júní. Bréf Jóns Sigurðssonar. Úrval.* Jón Jensson og Þorleifur H. Bjarnason sáu um útgáfuna (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1911), 19.

22 Joep Leerssen, *National Thought in Europe. A Cultural History*. Third edition (Amsterdam: Amsterdam University Press, 2006), 127–134.

23 Sjá t.d. Arthur MacGregor, *Curiosity and Enlightenment. Collectors and Collections from the Sixteenth to the Nineteenth Century* (New Haven: Yale University Press, 2007).

24 Joep Leerssen, *National Thought in Europe, 200–201*. Hér má t.d. nefna British Library sem myndað var úr söfnum Sir Hans Sloane (1660–1753), Sir Roberts Cotton (1571–1631), Georgs III. (1760–1820) og Roberts (1661–1724) og Edwards Harley (1689–1741).

almennum sjóði til að auka og prýða söfn þessi sem mest, og kaupa til þeirra það sem ekki fæst með öðru móti.“²⁵

Íslensk handrit höfðu þá lengi verið eftirsótt meðal erlendra aðila, allt frá sextándu öld með ásókn Dana og Svía og langt fram á æviár Jóns. Áhuginn einskorðaðist ekki við handrit því að klæði, bækur, vefnaður og forngripir fylgdu í kjölfarið. Sá áhugi færðist í aukana eftir því sem leið á nítjándu öld með bættum siglingum til landsins.²⁶

Landsmenn urðu varir við þennan síaukna áhuga á íslenskum menningarminjum, þar á meðal Jón eins og kemur fram í bréfi sem hann skrifaði til Sveinbjarnar Egilssonar (1791–1852) í júní 1837.²⁷ Í bréfinu ritaði Jón:

ég óskaði [að] einhver vildi gangast fyrir að safna gersemum íslenskum, bæði fornaldarleifum og gömlum bréfum og skræðum, eins og allra handa nýrri Excerpter til Íslands sögu og annars fleira, svo allt þvílíkt ekki kæmist í útlendra hendur, eða menn gætu ekkert vitað um Ísland nema hér [í Kaupmannahöfn].²⁸

Jón hafði því augljósar áhyggjur af því að íslenskir menningarmunir væru að hverfa „í útlendra hendur“ sem kom enn frekar fram í umfjöllun hans og Magnúsar Hákonarsonar (1812–1875) í *Skírni* 1837 um Íslandsleiðangur franska læknisins Pauls Gaimard (1793–1858) 1835 og 1836.²⁹ Gaimard og leiðangursmenn hans viðugu að sér miklu magni náttúru- og menningarminja á ferðum sínum um landið og töldu þeir Jón og Magnús að „óskandi væri að Íslendingar vissu sjálfir hvað þeir láta af hendi, og hefðu hönd í með hinum útlendu, því ekki er hægara að sækja fáséða gripi til útlanda ef safn þeirra yrði stofnað í landinu sjálfu.“³⁰ Engin stofnun var þá á Íslandi sem varðveitti slíka muni: Landsskjalasafnið

25 Jón Sigurðsson, „Registr yfir Íslands stiftisbókasafn. Viðeyar klaustri. Prentað á kostnað stiftisbókasafnsins 1842. 8,“ [Ritdómur] *Ný félagsrit* 4 (1844): 131.

26 Bragi Þorgrímur Ólafsson, *Í útlendra höndum*, 37–55, 128–132.

27 *Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar*, 5–10. Sjá einnig hugmyndir Finns Magnússonar um nauðsyn þess að stofna skjalasafn á Íslandi í byrjun nítjándu aldar. Aðalgeir Kristjánsson, „Tillögur Finns Magnússonar um stofnun handrita- og skjalasafns á Íslandi,“ *Gripla* 4 (1980): 172–185.

28 *Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar*, 9.

29 Sjá nánar: Árni Snævarr, *Maðurinn sem Ísland elskaði. Paul Gaimard og Íslandsferðir hans 1835–1836*. (Reykjavík: Mál og menning, 2019).

30 „Viðbætir við fréttirnar,“ *Skírnir* 11 (1837): 123–124.

(síðar Þjóðskjalasafn) var ekki stofnað fyrr en 1882, Forngripasafnið (síðar Þjóðminjasafn) 1863 og handritasafn var ekki formlega sett á fót innan Landsbókasafns fyrr en 1846. Helstu opinberu varðveislustaðir handrita og skjala voru þá í Reykjavík (skjalasöfn stiftamtsins, landsyfirréttar og landfógeta) og Laugarnesi (í safni Valgerðar Jónsdóttur (1771–1856) og Steingríms Jónssonar biskups (1769–1845)), en á síðarnefnda staðnum hafði Jón unnið sem biskupsskrifari og kynnst safninu vel áður en hann hélt til náms í Kaupmannahöfn.

Jón og fleiri fræðimenn töldu jafnframt að handrit og skjöl væru skjótt að verða eyðileggingu að bráð enda varðveisluaðstæður í íslenskum híbýlum oft laklegar. Sveinbjörn Guðmundsson (1818–1885), þá prestur í Landeyjum, ritar t.d. til Jóns Árnasonar þjóðsagnasafnara og bókavarðar (1819–1888) löngu síðar (1867) að leit að gömlum bókum og handritum bæri yfirleitt lítinn árangur: „það er ekki um auðugan garð að gresja í þessum rakabælum sem allt rotnar í jafnvel á stuttum tíma.“³¹ Þá taldi Jón það óheppilegt að opinber skjöl og gögn væri helst að finna á skjalasöfnum í Kaupmannahöfn svo að lítið mætti finna um sögu Íslands nema í dönskum skjala- og handritasöfnum. Erfitt væri því að draga upp heillega mynd af sögu landsins og ástandi þess í sögulegu ljósi.³² Sjálfur skrifaði hann í *Ný félagsrit* árið 1841 að segja mætti „að saga landsins fari út úr landinu, því nú sem stendur er þegar orðið ótækt að semja hana eða laga hana heima þar, af því allt það sem mest riður á er í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn.“³³

Um svipað leyti hóf Jón sjálfur viðamikla söfnun handrita, skjala og bóka eins og kom fram í fyrrnefndu bréfi hans til Gísla Hjálmarssonar. Honum var þó áfram umhugað um að opinber stofnun eða félag myndi sjá um söfnun og varðveislu handrita og skjala heima á Íslandi eins og kemur t.d. fram í ritgerð hans um Alþingi í *Nýjum félagsritum* árið 1841:

Hversu mikil nauðsyn væri ekki, að safna á einn stað á Íslandi skjölum þeim sem heyra til sögu landsins? [O]g hversu þrýðilegt fyrirtæki væri það af þeim, er elska Ísland og vilja framför þess,

31 NKS 3010 4to. Sveinbjörn Guðmundsson til Jóns Árnasonar 18. nóvember 1867.

32 Sjá t.d. Guðrún Nordal, „Það þarf annað en hjalið tómt til að hrinda Íslandi á fætur aftur.“ Um viðbúnað Jóns Sigurðssonar, *Jón Sigurðsson. Hugsjónir og stefnumál. Tveggja alda minning 1811 17. júní 2011*. Ritstjóri Jón Sigurðsson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011), 71–80.

33 Jón Sigurðsson, „Um Alþing á Íslandi,“ *Ný félagsrit* 1 (1841): 96.

að styrkja slíkt fyrirtæki með fégjöfum eða skjölum, sem annars kunna að tortímast. Ég er sannfærður um, að stúdentar sem hér eru í Kaupmannahöfn yrðu fúsir á að styrkja til að safna og afskrifa það sem hér er, fyrir sanngjarnlega þóknun.³⁴

Þessi hugleiðing Jóns varð að veruleika að nokkru leyti fimm árum síðar með kaupum yfirvalda á handritasafni Valgerðar Jónsdóttur en með þeim kaupum var handritasafn sett á fót innan Landsbókasafns. Mörkuðu þau kaup „formlegt upphaf þeirrar menningarstefnu að varðveitt væru íslensk handrita- eða skjalasöfn á íslenskt grund á ábyrgð stjórnvalda“ að mati Ögmundar Helgasonar (1944–2006), forstöðumanns handritasafns Landsbókasafns.³⁵

Jón hélt þó áfram að falast eftir íslenskum handritum til sín í Kaupmannahöfn og komst á þá skoðun að í raun væri hagkvæmast að varðveita þau þar sem þau kæmu að sem mestum notum, þ.e. í blómlegu fræðasamfélagi Kaupmannahafnar frekar en á Íslandi þar sem slíkt samfélag var á bernskuskeiði (sjá nánar í kaflanum „Hindranir og tækifæri“ hér að aftan).³⁶ Hann vann jafnframt að handritasöfnun á vegum Fornfræðafélagsins í Kaupmannahöfn sem skjalavörður þess á fimmta og sjötta áratug aldarinnar en félagið sendi *Boðsbréf til Íslendinga um fornrita-skýrslur og fornsögur* vorið 1846.³⁷ Söfnun félagsins bar töluverðan árangur og bárust því skýrslur, uppskriftir og gömul handrit og skinnblöð eins og sjá má af greinargerðum sem Jón tók saman og birtar voru í tímariti félagsins, *Antiquarisk tidsskrift*, á árunum 1846–1851.³⁸ Áhersla Jóns á að fá

34 Sama rit, 129.

35 Ögmundur Helgason, „Landsbókasafn og íslensk fræði“, *Mímir* 44 (1996): 42.

36 Bragi Þorgrímur Ólafsson, *Í útlendra höndum*.

37 Sjá um starfsemi félagsins: Böðvar Kvaran, *Auðlegð Íslendinga. Brot úr sögu íslenzkrar bókaútgáfu og prentunar frá öndverðu fram á þessa öld* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1995), 300–306 og 394–396; Aðalgeir Kristjánsson, *Nú heilsar þér á Hafnarlóð. Ævir og órlög í höfuðborg Íslands 1800 – 1850* (Reykjavík: Nýja bókafélagið, 1999), 140–149; Finnur Jónsson, „Hið konúnglega norræna fornfræðafélag 28.1.1825–1925“, *Ársrit Hins íslenska fræðafélags* 9 (1927–1928): 1–16. Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson I*, 217–231 og 302–328.

38 „Det historisk-archæologiske archiv“, *Antiquarisk Tidsskrift* 2 (1846–1848): 38–47 og 154–172. „Det historisk-archæologiske archiv“, *Antiquarisk Tidsskrift* 3 (1849–1851): 13–27 og 218–266. Sjá um söfnun félagsins: Yelena Sesselja Helgadóttir, „Alþýðleg fornfræði og Jón Sigurðsson forseti“, *Góssið hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum*. Ritstjóri Jóhanna Katrín Friðriksdóttir (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum

íslensk handrit til Kaupmannahafnar átti þó eftir að verða umdeild eins og vikið verður að hér á eftir.

Söfnunarstefna og sérstaða

Söfnunarstefna Jóns var einföld. Í fyrirnefndu bréfi til Gísla Hjálmarssonar í september 1840 óskaði hann eftir því að eignast *allar* íslenskar bækur og bækur sem lúta að Íslandi og í bréfi til Jens bróður síns (1813–1872) 5. júlí 1848 kemur fram að hann óski eftir að fá „allt hvað prentað er, hver fjandinn sem það er,“ og tilgreinir þar ekki aðeins blöð, tímarit og bækur heldur einnig grafskriftir, boðsbréf og fleira smáprent, sem oft var erfitt að útvega, og segir tilganginn með því vera að „halda þessu saman, svo það tapist ekki.“³⁹ Hann lét minna uppi um söfnunarstefnu sína hvað handrit varðaði nema að hann vildi „allskonar handrit“ sem fyrir segir.⁴⁰ Jóni virðist því ekki hafa nægt að fá uppskriftir af handritum sem hann þurfti á að halda við fræðastörf, eins og tíðkaðist meðal fræðimanna á þessum tíma, heldur vildi hann einfaldlega eignast þau sem flest. Viðfeðma söfnunarstefnu á borð við þessa mátti finna meðal annarra safnara á meginlandinu um svipað leyti. Sir Thomas Philips (1792–1872) (er átti Skarðsbók postulasagna, SÁM 1, um tíma), vildi t.d. eignast eintak af öllum prentuðum bókum heimsins og sóttist eftir handritum í svo miklum mæli að hann taldi sig vera „perfect vello-maniac.“⁴¹ Sjálfur lýsti

fræðum, 2014), 80–95; sama, „Dæmigerð þulusending í Árnasafni,“ *Handritasýrpa. Rit til heiðurs Sigurgeiri Steingrímssyni sjötugum 2. október 2013*. Ritstjóri Rósa Þorsteinsdóttir (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2014), 159–181; *Þjóðsögur Guðmundar Sigurðssonar frá Gagnishólum*. Kristján Eiríksson og Sjöfn Kristjánsdóttir sáu um útgáfuna. Ritroð Sögufélags Árnesinga II (Selfoss: Sögufélag Árnesinga, 2013); Aðalheiður Guðmundsdóttir, „(Ó)Traustar heimildir. Um söfnun og útgáfu þjóðkvæða,“ *Skáldskaparmál* 4 (1997): 210–226; sama: „DFS 67,“ *Opuscula* IX (2003), 233–266; Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson I*, 318–328. Þau handrit sem borist höfðu félaginu voru afhent Árnasafni árin 1883 og 1886 (og síðar Stofnun Árna Magnússonar í Reykjavík) en hluti fór til Konungsbókhlóðu og síðar til Dönsku þjóðfræðastofnunarinnar (Dansk Folkemindesamling). Handrit úr fórum Fornfræðafélagsins eru nú í: AM 395–406 fol., AM 927–931 4to, AM 933–938 4to, AM 940 4to, AM 942–953 4to, AM 955–973 4to, AM 237–251 8vo og AM 276–277 8vo. Í Dansk Folkemindesamling er þau að finna í DFS 65–68 og DFS 116–118.

39 *Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar*, 142.

40 Sama rit, 19.

41 Nicholas A. Basbanes, *A Gentle Madness. Bibliophiles, Bibliomanes, and the Eternal Passion for Books* (New York: Henry Holt and Company, 1999), 120–121.

Jón bóka- og handritasafni sínu í bréfi til efri deildar Alþingis í ágúst 1877 þegar umræða fór þar fram um möguleg kaup á safni hans:

ég hef safnað um mörg ár öllu því, sem ég hef getað, og Ísland snertir, bæði prentuðu og óprentuðu. Sömuleiðis hef ég ritað með minni hendi margt hvað, sem bæði inniheldur merkileg rit um Ísland og á íslensku, og annað, sem helst er grundvöllur fyrir sögu Íslands og bókmennta þess í öllum greinum fyr og síðar. Svo ég taki nokkuð til dæmis, þá hef ég mikið safn yfir allar íslenskar bækur og þær sem Ísland snerta, titla slíkra bóka í tímaröð, og margar af bókunum sjálfar; einnig rithöfundatal, sem að miklu leyti er fullgjört; svo eru þar og prentaðar bækur, sem þar til heyra, og exemplör af mörgum prentuðum bókum frá öllum tímum. Þá tel ég og safn af jarðabókunum og afskriftir þeirra, og mörgum öðrum íslenskum skráum og skjölum. Enn fremur flestar íslenskar bækur, og á öðrum málum, sem skýra um Ísland frá þeim fyrstu til seinustu tíma, bæði eptir innlenda og útlenda rithöfunda, mörg með uppdráttum, sem þar til heyra. Enn fremur ýmsar aðrar bækur, sem heyra til bókmenntum annara landa.⁴²

Jón var að öðru leyti fáorður um handritasafn sitt og söfnunarstefnu en í bréfum hans má sjá að hann sóttist eftir bæði gömlum og nýjum embættis-skjölum og handritum sögulegs- og bókmenntalegs efnis.⁴³ Hann sýndi enda sögu og bókmenntum síðari alda mikinn áhuga og barðist gegn því viðhorfi að þær væru „lítt merkilegar eða varla þeim gaumur gefandi“ í samanburði við miðaldabókmenntirnar eins og fram kom í máli hans á fimmtíu ára afmælisfundi Bókmenntafélagsins árið 1866.⁴⁴ Hann minnti lesendur *Nýrra félagsrita* jafnframt á að margt verðmætt væri að finna í munnlegri geymd þótt það hefði ekki verið ritað á skinn, einkum munnmæli og þjóðsögur.⁴⁵ Þá sagði hann sagnaritara sextánda og sautjándu aldar,

42 *Alþingistiðindi* 1877 I, 203–204.

43 Sjá t.d. Lbs 2410 b 4to. Jón Sigurðsson til Páls Pálssonar stúdents 16. júlí 1866, 23. ágúst 1866 og 17. september 1868.

44 Jón Sigurðsson, *Hið íslenska bókmenntafélag*: 7.

45 Jón Sigurðsson, „Isländische Volkssagen der Gegenwart vorwiegend nach mündlicher Überlieferung gesammelt und verdeutscht von Konrad Maurer (Leipzig, 1860),“ [Ritdómur] *Ný félagsrit* 20 (1860): 191. Sjá einnig: Terry Gunnell, „Daisies rise to become

s.s. Jón Egilsson (1548– um 1636), Björn Jónsson á Skarðsá (1574–1655) og Jón Gissurarson (1589/1590–1648), hafa þurft að reiða sig nokkuð á munnlegar heimildir við ritstörf sín og taldi það ekki endilega ókost „því fyrir þessa sök hafa þeir ritað margar frásagnir, sem myndast hafa meðal alþýðu, og lýsa á stundum ágætlega tímunum og hugsunarhætti manna, þó þær sé enganveginn ætíð áreiðanlegar í sögulegum skilningi.“⁴⁶ Jón safnaði því fjölbreyttu efni er laut að sögu Íslands og bókmenntum að fornu og nýju, auglýsti t.d. sérstaklega eftir handritum með kveðskap Hallgríms Péturssonar (1614–1674) í *Þjóðólfi* árið 1855 og falaðist eftir rímum sem Ásgeir Einarsson í Kollafjarðarnesi furðaði sig á eins og kom fram í inngangi.⁴⁷

Hin metnaðarfulla söfnun Jóns sem hófst um 1840 er áhugaverð miðað við stöðu hans á þeim tíma. Um það leyti er hann hóf söfnun sína flutti hann úr Klausturstræti í leiguherbergi við Svertugötu (Svartegade) ásamt frænda sínum, Páli Mathiesen (1811–1880).⁴⁸ Þar hafði Jón augljóslega litið pláss fyrir allt það efni sem hann hugðist safna; bækur, skjöl og handrit. Lífsstefna hans og staða var enn fremur óljós um þær mundir og grundvöllur fyrir viðamikla söfnun var ótraustur. Hann var skráður til náms við Kaupmannahafnarháskóla fram til 1842 en virðist hafa hætt að sækja fyrirlestra við skólann árið 1839.⁴⁹ Hann tók því ekki próf frá háskólanum og reiddi sig á fræðileg verkefni um þessar mundir – og í raun alla sína starfsævi meðfram þingmennsku sem hófst 1845. Efnahagsleg og samfélagsleg staða Jóns var því ólík mörgum öðrum handrita- og bókasöfnurum sem hann hafði kynnst á þessum tíma. Þeir höfðu oft úr miklum fjármunum að spila, höfðu stundum erft handrita- eða bókasöfn sín, komu úr efnamiklum fjölskyldum, bjuggu yfir góðu húsrými og höfðu lokið lærdómsprófum eða hlotið tign innan embættismannakerfisins. Hér má sérstaklega nefna bóka- og handritasafn Steingríms Jónssonar biskups og Valgerðar Jónsdóttur, sem Jón kynntist í dvöl sinni á biskupssetrinu í Laugarnesi

oaks. The politics of early folktale collection on Northern Europe,” *Folklore* 121:1 (2010), 12–37.

46 Jón Sigurðsson, [formáli] Jón Egilsson, „Biskupa-annálar“, *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju* I (Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafélag, 1856), 16.

47 Þí. E.10.1, Ásgeir Einarsson til Jóns Sigurðssonar 4. janúar 1855; Jón Sigurðsson, „Hallgrímur Pétursson“, *Þjóðólfur* 8. desember 1855, 24. Um rímnaáhuga Jóns, sjá: Páll Eggert Ólason, Jón Sigurðsson III, 413–414.

48 Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson. Ævisaga* I, 208; *Mimmingarrit aldarafnmælis Jóns Sigurðssonar*, 24.

49 Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson* I, 163.

1830–1833 sem fyrr segir, og safn Finns Magnússonar prófessors (1781–1847) í Kaupmannahöfn, sem Jón var í nánnum samskiptum við allt fram að andláti Finns, en heimili hans var „alsett bókum frá gólfi til lofts“ eins og Benedikt Gröndal (1826–1907) segir frá í endurminningum sínum.⁵⁰

Aðstæður Jóns voru gjörólíkar. Þegar hann hóf sína söfnun var hann 29 ára gamall, embættislaus, var að hætta námi við háskólann án prófgráðu, vann að skammtímaverkefnum á skjala- og handritasöfnum, bjó að litlum veraldlegum eða félagslegum ættarauð, deildi herbergi með frænda sínum og heima á Íslandi beið Ingibjörg Einarsdóttir (1804–1879) hans í festum. Hann hafði því í raun takmörkuð úrræði til að koma sér upp viðamiklu safni handrita og bóka í upphafi og þurfti að treysta á sendingar frá Íslandi, ólíkt t.d. Jóni Borgfirðingi sem gekk á milli bæja á Íslandi og eignaðist handrit og bækur frá fyrstu hendi.⁵¹ Aðstæður Jóns Sigurðssonar og úrræði til söfnunar efldust þó til muna eftir því sem hann tók að sér fleiri embætti, tengslanet hans stækkaði og húsakostur batnaði.

Tengslanet og söfnunaraðferð

Jón varð æ þekktari meðal landa sinna eftir því sem þjóðmálastörf hans jukust; fyrst með útgáfu *Nýrra félagsrita* (1841), svo er hann tók sæti á Alþingi (frá 1845) og settist í stjórn Bókmenntafélagsins (forseti frá 1851). Fjölmargir leituðu til hans með ýmis erindi bréfleidis í auknum mæli en í bréfasafni hans „eru í einni fylkingu: sýslumenn og dómarmar, prestar, stórbændur og kotungar, vermenn, vinnukonur og maddömur, vinnumenn og námsfólk, landshornalýður og dæmdir menn“ eins og Lúðvík Kristjánsson komst að orði í umfjöllun sinni um bréfasafnið og fullyrti að enginn Íslendingur hafi verið í sambandi við jafn fjölmennan hóp landsmanna eins og Jón á þessum tíma.⁵² Lúðvík bætir við:

50 Benedikt Gröndal, *Dægradvöl. Æfisaga mín* (Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1923), 146. Eftir andlát Finns 1847 var safn hans boðið upp og taldi þá 329 handrit og 2.640 prentaðar bækur. *Catalogus librorum quos reliquit Finn Magnussen* (Havniæ: [s.n.], 1857). Þá hafði Finnur þó selt um 400 handrit til Bretlands. Sjá nánar: Jón Helgason, „Íslenzk handrit í British Museum,“ *Ritgerðakorn og ræðustúfar* (Reykjavík: Félag íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn, 1959), 113.

51 Sjá nánar um söfnun Jóns Borgfirðings: *Úr blöðum Jóns Borgfirðings*.

52 Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, 115 og 15.

Langsamlega fæstir leita á vit Jóns til þess að ræða við hann um stjórnsmál, tjá honum hug sinn í því efni, veita honum bendingar um baráttuaðferðir, eða upplýsa hann um, hvernig horfi hér eða þar um bænaskrár og undirskriftir. Þeir eru mörgum sinnum fleiri, sem koma til hans með kvabb í ýmiss konar myndum. Reyndar hafa eigi allfáir þann hátt á, að minnast í upphafi bréfs á stjórnsmál, skjalla Jón sem föðurlandselskara og óviðjafnanlegan velgjörara þjóðarinnar, en áður en lýkur, kemur æ ofan í æ það sama upp að biðja hann að reka eitthvert erindi, stundum nauða ómerkilegt og jafnvel brosvort, en í annan tíma aðkallandi og mikilvægt.⁵³

Í bréfasafni Jóns má glöggst sjá að handrit voru oft notuð sem gjaldmiðill til að liðka fyrir aðstoð og útréttingar Jóns og Ingibjargar í Kaupmannahöfn.⁵⁴ „Hefði Jón aldrei sinnt neinu snatti eða kvabbi landa sinna, hefði mörg bókin og handritið verið föst í hendi, sem annars lágu laus fyrir“ skrifaði Lúðvík Kristjánsson og bætir við: „Jón Sigurðsson vissi því vel, hverju gegndi að snúast vel við bænum landa sinna, stórum sem smáum, fáfengilegum sem mikilvægum.“⁵⁵ Það má til sanns vegar færa því að Jón bauð margoft greiða á móti handrita- og bókasendingum frá Íslandi eins og fram kemur t.d. í bréfi til Boga Thorarensen (1822–1867) 4. júlí 1865: „Ef þú sendir mér af þínum nægtum og vinargæðum handrit eða bækur, þá þakka ég þér fyrir allt, smátt og stórt, og væri það nokkuð sem ég gæti látið í té aftur á móti, þá væri mér ánægja að vita hvað þér væri geðfellt.“⁵⁶ Árni Thorsteinsson landfógeti (1828–1907) ritaði til Jóns 7. ágúst 1864 þar sem hann óskaði eftir stuðningi Jóns við að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík: „Þú getur mikið ef þú vilt okkur vel,“ skrifaði Árni og bætti við: „ég á hinn bóginn er til með einhverntíma ef ég lifi nokkur ár að gefa bókmenntafélaginu einhverja gamla bók.“⁵⁷ Elínborg Friðriksdóttir Vídalín (1833–1918) biður Jón í bréfi 11. nóvember 1876 að vera syni sínum innan handar í Kaupmannahöfn „því hann er ungur og þekkir ekki heiminn,“ og lét fylgja

53 Sama rit, 115–116.

54 Sama rit, 69–117; Margrét Gunnarsdóttir, *Ingibjörg. Saga Ingibjargar Einarsdóttur, eiginkonu Jóns Sigurðssonar forseta* (Reykjavík: Ugly, 2011), 171–180.

55 Sama rit, 117.

56 *Mimmingarrít aldarafmælis Jóns Sigurðssonar*, 384.

57 ÞÍ. E.10.1. Árni Thorsteinsson til Jóns Sigurðssonar 7. ágúst 1864.

með kvæðahandrit Páls Vídalíns (1667–1727).⁵⁸ Þá voru ýmsir sem sendu Jóni handrit en fengu bækur í staðinn.⁵⁹ Sumir sendu handrit til Jóns gegn því að fá afskrift af þeim til baka eins og Jón Guðmundsson (1845–1888), kaupmaður í Flatey, sem óskaði eftir því fyrir hönd föður síns, Guðmundar Brynjólfssonar (1812–1878), í júní 1868.⁶⁰

Vinir Jóns og kunningjar söfnuðu jafnframt handritum og bókum fyrir hann á Íslandi og sendu til Kaupmannahafnar, ýmist í hans eigið safn eða Bókmenntafélagsins. Hér má nefna Arnljót Ólafsson, prest á Bægisá (1823–1904),⁶¹ Baldvin M. Stefánsson (1838–1888) prentara,⁶² Boga Thorarensen sýslumann,⁶³ Gísla Hjálmarsson lækni,⁶⁴ Halldór Kr. Friðriksson yfirkennara (1819–1902),⁶⁵ Jón Borgfirðing, bóksala og lögregluþjón,⁶⁶ Jón Guðmundsson ritstjóra *Þjóðólfs*,⁶⁷ Marteinn Jónsson (1832–1920) gullsmið,⁶⁸ Pál Melsteð, sýslumann og sagnaritara (1812–1910),⁶⁹ Sighvat Grímsson Borgfirðing alþýðufræðimann (1840–1930)⁷⁰ og Þorlák Ó. Johnson (1837–1917) kaupmann.⁷¹ Í mörgum tilfellum leituðu þessir einstaklingar einnig til annarra aðila til að safna handritum fyrir Jón. Jón Guðmundsson segist t.d. í bréfi til Jóns 15. nóvember 1854 hafa „sett út mann að leita að skræðum í Öræfum handa þér og víðar...“⁷² og Arnljótur Ólafsson segist í bréfi til hans 3. mars 1849 hafa skrifað „öllum

58 ÞÍ. E.10.3. Elinborg Friðriksdóttir Vídalín til Jóns Sigurðssonar 11. nóvember 1876.

59 Sjá t.d. ÞÍ. E.10.4. Guðmundur Vigfússon til Jóns Sigurðssonar 1. ágúst 1868.

60 ÞÍ. E.10.7. Jón Guðmundsson (kaupmaður) til Jóns Sigurðssonar 10. júní 1868.

61 ÞÍ. E.10.1. Arnljótur Ólafsson til Jóns Sigurðssonar 3. mars 1849 og 8. mars 1850.

62 JS 142 a fol. Baldvin M. Stefánsson til Jóns Sigurðssonar 27. september 1853.

63 JS 142 a fol. Bogi Thorarensen til Jóns Sigurðssonar 7. apríl 1864.

64 *Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar*, 231.

65 *Bréf til Jóns Sigurðssonar. Úrval*. III. bindi (Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, 1991), 91–92.

66 Handrit Jóns Borgfirðings fóru til Kaupmannahafnardeildar Bókmenntafélagsins um hendur Jóns Sigurðssonar.

67 *Bréf til Jóns Sigurðssonar. Úrval* II. bindi (Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, 1984), 188.

68 ÞÍ. E.10.10. Marteinn Jónsson til Jóns Sigurðssonar 20. október 1859. Marteinn lærði gullsmiði í Kaupmannahöfn og kynntist þar Jóni Sigurðssyni. Hann safnaði bókum og handritum fyrir Jón víða um Austurland en fluttist til Vesturheims árið 1883. Sjá um ævi Marteins: „Hálfa öld í hjónabandi“, *Lögberg* 22. ágúst 1912: 1.

69 *Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar*, 178.

70 „Bréf frá Sighvati Borgfirðingi til Jóns Sigurðssonar“, *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 5 (1960): 112–114.

71 Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, 26–27.

72 *Bréf til Jóns Sigurðssonar. Úrval* II. bindi, 188.

kvæðamönnum, sem ég þekki í Húnavatnssýslu,“ til að hafa upp á rímum sem hann vantaði.⁷³ Þá segist Jón Borgfirðingur í bréfi til Jóns 27. ágúst 1860 hafa fengið loforð hjá „gömlum kalli“ fyrir hluta af annálum er hann hafði viðað að sér.⁷⁴ Safnarar á vegum Jóns leituðu því víða fanga, m.a. hjá einstaklingum sem söfnuðu sjálfir. Þá voru margir safnarar og skrifarar í samskiptum sín á milli og mynduðu eigið tengslanet.⁷⁵ Úrræði Jóns til að afla sér handrita voru því fjölmörg og tengslanet hans marglaga.⁷⁶

Stundum fór Jón vel að mönnum og falaðist eftir handritum með varfærum hætti eins og fram kemur í bréfi hans til sr. Friðriks Eggerz (1802–1894) 26. september 1849: „Þér eruð mikill fornfræðavinur, og kvað eiga margt fágætt og fróðlegt; ef ég mætti vera svo djarfur að mánga til við yður, þætti mér gaman að heyra hvað þér hefðuð helst af þessháttar t.a.m. handritum eldri og yngri, fornkvæðum, rímum o.s.frv.“⁷⁷ „Hugsaðu til mín, bróðir minn, ef þú sérð merkileg handrit, eða gamlar bækur vel um gengnar“ ritar Jón vingjarnlega til Páls Melsteð 29. september 1850.⁷⁸ Hann var stundum rausnarlegur við tengiliði sína og gaf t.d. Páli stúdent Pálssyni (1806–1877) loðstígvél, bréfsefni með fangamarki Páls og vandað veski sem þakklætisvott fyrir aðstoð hans við að útvega bækur og handrit.⁷⁹ Jón sinnti tengiliðum sínum því vel og lánaði þeim bækur og handrit og sendi þeim jafnvel gjafir. Hann átti það þó til að vera nokkuð ágengur eins og Finnur Jónsson prófessor (1858–1934) nefnir í grein sinni um vísinda-störf Jóns í *Skírni* árið 1911. Þar lýsir Finnur því hvernig faðir hans, Jón Borgfirðingur, hafi hreinlega falið fágætt efni á heimili sínu þegar Jón bar að garði því að hann vissi að erfitt væri að neita Jóni ef hann myndi sjá þar

73 ÞÍ. E.10.1. Arnljótur Ólafsson til Jóns Sigurðssonar 3. mars 1849.

74 ÞÍ. E.10.7. Jón Borgfirðingur til Jóns Sigurðssonar 27. ágúst 1860.

75 Sjá t.d. Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, *Minor Knowledge and Microhistory. Manuscript Culture in the Nineteenth Century*. Routledge Studies in Cultural History (New York: Routledge, 2017), 152–173.

76 Sjá til samanburðar um tengslanet Jóns Árnasonar við þjóðsagnasöfnun hans: Romina Werth, „*Vox viva docet.*“ *Um tengslanet milli safnara og heimildarmanna við þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar*.“ MA-ritgerð í þjóðfræði við Háskóla Íslands, 2015. Einnig um tengslanet Rasmus Rask: Silvia Hufnagel, „The Library of the Genius. The Manuscript Collection of Rasmus Christian Rask,“ *Tabularia* 16 (2016), 305–327; um tengslanet Willard Fiske: Kristín Bragadóttir, *Willard Fiske. Vinur Íslands og velgjörðarmaður* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008), 122–131.

77 *Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar*, 148.

78 Sama rit, 178.

79 *Skrifarinn á Stapa. Sendibréf 1806–1877*. Íslensk sendibréf I. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1957), 233 og 274–276.

gamlar bækur eða handrit.⁸⁰ Sá orðrómur gekk reyndar víða að Jón skilaði ekki alltaf þeim handritum sem hann fékk lánuð.⁸¹ Páll Melsteð fékk t.d. eitt sinn bréfabók Jóns Halldórssonar í Hítardal að láni hjá sr. Þorsteini Hjálmarsen (1791–1871) fyrir Jón. Þorsteinn óskaði ofsinnis eftir henni til baka, eins og Páll nefndi við Jón, en ekkert varð af skilum og varð hún innlyksa í safni Jóns (JS 216 4to, síðar afhent Þjóðskjalasafni).⁸²

Jón átti það til að ganga býsna langt í að útvega sér handrit og skjöl. Þannig fékk hann eitt sinn lánaða kvæða- og vísnaþók úr fórum Sólveigar Pálsdóttur (1821–1886) yfirsetukonu sem faðir hennar, Páll Jónsson „skáldi“ (1779–1846), prestur í Vestmannaeyjum, hafði skrifað árið 1846. Sem tryggingu fyrir skilum setti Jón möttulspennu úr eigu konu sinnar, Ingibjargar Einarsdóttur. Handritinu var hins vegar aldrei skilað og er nú varðveitt í handritasafni Jóns (JS 249 4to) en möttulspennan varðveittist í fjölskyldu Sólveigar allt þar til henni var komið til Þjóðminjasafns árið 1957.⁸³ Þá taldi Jón að mörgum handritum væri einfaldlega betur fyrir komið hjá sér en á Íslandi þar sem þau væru lítið notuð. Árið 1856 fékk hann t.d. lánaða málðagabókina D12 (Lbs 268 4to) frá Landsbókasafni vegna vinnu sinnar við *Íslenskt fornbréfasafn*.⁸⁴ Þegar Jón Árnason kallaði ítrekað eftir henni til safnsins harðneitaði nafni hans að skila bókinni með nokkrum skætingi, t.d. í bréfi í febrúar 1862: „ekkert skil ég í, hvernig þér látið með D12. Þið hafið ekkert gagn af því, og ég má ekki missa það ... og ég sé ekki heldur hvað á að þýða að ljá hana nema hún verði notuð.“⁸⁵ Tíu árum síðar var Jón enn með handritið í láni og segist þá ekki mega missa það vegna útgáfu fornbréfasafnsins.⁸⁶

Sama ár óskaði Jón eftir því að fá sjálfan Reykholtsmáldaga lánaðan til Kaupmannahafnar vegna vinnu sinnar við *Íslenskt fornbréfasafn*.

80 Finnur Jónsson, „Vísindastörf Jóns Sigurðssonar,“: 179.

81 ÞÍ. E.10.14. Vernharður Þorkelsson til Jóns Sigurðssonar 25. október 1856.

82 „Bréfabók Jóns Halldórssonar,“ *Nýtt kirkjublað* 15. mars 1908: 63. *Bréff frá Páli Melsteð til Jóns Sigurðssonar. Viðbætur við útgáfuna 1913* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1924), 78 og 100. Bréfabókin var afhent Þjóðskjalasafni árið 1900. Gísli Baldur Róbertsson, „Týnt blað úr bréfabók séra Jóns Halldórssonar í Hítardal kemur í leitirnar.“ Þjóðskjalasafn Íslands. Heimild mánaðarins, desember 2015. Sótt 5.5.2021.

83 https://skjalasafn.is/heimild/tynt_blad_ur_brefabok_sera_jons_halldorssonar_i_hitardal_kemur_i_leitirnar. Margrét Gunnarsdóttir, *Ingibjörg*, 244.

84 Handritið var síðar afhent Þjóðskjalasafni.

85 *Úr fórum Jóns Árnasonar* I, 363–364.

86 *Úr fórum Jóns Árnasonar* II, 187.

Máldaginn, sem talinn er vera að hluta til frá því um 1185, var þá varðveittur í Reykholti og hugðist Vernharð Þorkelsson (1785–1863), sem þá var þar prestur, senda hann áleiðis til Jóns. Hannes Stephensen (1799–1856) prófastur Borgfirðinga, kom þó í veg fyrir að hann yrði sendur lengra um sinn og skrifaði Vernharði harðort bréf af því tilefni í septemberlok: „Mig furðar ... að þér skylduð láta tilleiðast fyrir einfalda beiðni privatmanns, án nokkurrar heimildar frá neinum yfirmanni yðar, að selja af hendi og voga yfir svo langan veg á sjó og landi svo áriðandi eignarskjölum kirkju yðar, án þess, ef til vill, að hafa nokkra staðfesta afskrípt þeirra í höndum, sem varið gæti hana tjóni af missi originaldocumentanna.“⁸⁷ Helgi Thordersen biskup (1794–1867) fékk afrit af bréfinu og gaf í kjölfarið út umburðarbréf til allra prófesta í landinu 1. desember sama ár:

Með því ég hef orðið þess vísari, að einn af prestum hér á landi hafði í áformi að senda gömul og áriðandi eignarskjöl á bókfelli ... héðan af landi burt og til Kaupmannahafnar, og ég að öðru leyti er ekki ugglas um, að fleiri kunni að taka upp á hinu sama, þá vil ég mælast til þess við yðar velæruverðugheit, að þér alvarlega áminnið prestana í yðar prófastdæmi um, að baka ekki sjálfum sér ábyrgð, en kirkjunum og prestaköllumum tjón með því að leggja eignarskjöl nefndra stiftana, sem þeim er trúað fyrir, í svo mikla hættu, að senda þau héðan af landi, sem getur haft í eftirdragi algeran missi eignanna sjálfra fyrir kirkjurnar og prestaköllin, heldur að þeir annaðhvort í gegnum yður eða þá beinlínis vildu mót kvittun héðan senda mér slík forn skjöl ...⁸⁸

Reykholtsmáldaginn sjálfur komst þó til Jóns að lokum og var hjá honum allt til ársins 1869 þegar honum var skilað til Péturs Péturssonar biskups (1808–1891).⁸⁹ Jón gekk því stundum fast eftir að fá handrit og skjöl til sín, hvort sem það var í eigið safn, safn Bókmenntafélagsins eða til láns vegna fræðastarfa. En hann eignaðist einnig handrit með kaupum á handritasöfnum annarra, t.d. Jóns Árnasonar, Finns Magnússonar og Hallgríms Schevings eins og nánar verður vikið að í kaflanum „Samsetning handritasafns“.

87 *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík* II. bindi. *Skjalasöfn klerkdómsins* (Reykjavík: Prentsmiðja Þjóðólfs og Gutenberg, 1905–1906), xxxiii.

88 ÞÍ. Biskupsskjalasafn C III. Bréfabók biskups 1854–1856. Bréf nr. 528.

89 *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík* II, xxxiv.

Jón var því í senn forgöngumaður að handritasöfnun Kaupmanna-hafnardeildar Bókmenntafélagsins, forseti þess, stóð að eigin söfnun og hafði umsjón með söfnun Fornfræðafélagsins. Þannig bárust honum handrit úr ýmsum áttum sem honum var stundum í sjálfsvald sett hvernig ætti að ráðstafa. Í bréfi sem Jón skrifar Gísla Hjálmarssyni 19. maí 1854 óskar hann eftir því við Gísla að hann reyni að hafa uppi á kvæðasöfnum sr. Stefáns Ólafssonar í Vallanesi (1619–1688), Bjarna Gissurarsonar í Þingmúla (1621–1712) og annarra af austfirsku skáldum sautjándu aldar: „Komstu eftir því og útvegaðu Bókmenntafélaginu eða mér eitthvað af því, eða hverju sem er af þessháttar.“⁹⁰ Það sama má segja um söfnun Fornfræðafélagsins. Í bréfi sem Jón Þórðarson (1826–1885), prestur á Klausturhólum, ritaði til Jóns 1. mars 1848 segir hann: „Með blaði þessu sendi ég yður nokkur fornkvæði og þulur, sem ég skrifaði í sumar eftir gömlum mönnum, og sendi ég yður þau fremur enn [Fornfræða]félaginu, svo þér getið valið úr þeim ef þið t.a.m. væruð búnir að fá sumt af þeim áður og því hef ég skrifað þau á sundurlaus blöð, eins og ég sá að þér gerðuð í sumar.“⁹¹

Handritasafn Jóns óx því ár frá ári einkum í gegnum greiðaskipti eða sem þóknun fyrir ýmsar útréttingar og með kaupum á smærri handrita-söfnum. Þá naut Jón góðs af öfluggu tengslaneti sem stækkaði eftir því sem afskipti hans af þjóðmálum urðu umfangsmeiri. Meðlimir þess leituðu jafnframt til enn fleiri aðila í leit að handritum fyrir Jón, jafnvel í svo miklum mæli að sumum þótti nóg um eins og síðar verður vikið að.

Hindranir og tækifæri

Þrátt fyrir að Jóni hafi tekist að viðka að sér hundruðum handrita frá Íslandi á æviárum sínum þurfti hann að takast á við nokkrar hindranir í söfnun sinni. Stærst þeirra var sú gagnrýni sem hann hlaut frá þeim sem töldu óheppilegt að senda handrit úr landi, þ.e. í hans eigu í Kaupmannahöfn af ótta við að þau glötuðust eftir hans dag. Þær raddir urðu háværi eftir því sem leið á söfnunina. Árið 1848 leitaði Jón t.d. til Þorvaldar Sívertsen í Hrappsey (1798–1863) og falaðist eftir bókum úr safni hans,

90 *Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar*, 231–232.

91 AM 960 IX 4to. Jón var síðar biskupsskrifari hjá Steingrími Jónssyni, biskupi í Laugarnesi, og prestur á Auðkúlu. Hann sendi Jóni Árnasyni ýmsar sagnir er birtust í þjóðsagnaútgáfu hans.

en Þorvaldur var annálaður bókasafnari.⁹² Þorvaldur svaraði Jóni í bréfi 25. janúar 1848: „Ég verð nú ... að segja þér frá sérlyndi mínu, sem í mörg ár hefur við mig loðað, að ég hef viljað að sem allra minnst bærist í burt héðan af fornaldarmenjum til að missast Íslandi, en verða eign og undir hendi Dana.“ Þorvaldur segist þó vera reiðubúinn að gera undantekningu gagnvart Jóni „því ég er viss um, að þú hefur engan vilja til þess að smala héðan því gamla handa „vores elskelige“ Dönum, og því vil ég feginn styðja að þessu fyrirtæki þínu.“⁹³ Í kjölfarið sendi Þorvaldur honum fjölmargar fágætar bækur en Jón gerði sér engu að síður grein fyrir því að sífellt fleiri voru að verða andsnúnir sendingu handrita og bóka úr landi.⁹⁴

Jón greip því til þess ráðs að láta Hið íslenska bókmenntafélag, sem hann veitti forstöðu frá 1851, hefja söfnun handrita frá Íslandi til Kaupmannahafnar. Með því móti mætti koma þar upp öflugum handritasafni sem yrði undir stjórn Íslendinga.⁹⁵ Í ræðu hans á aðalfundi félagsins 2. maí 1854 sagði hann að það væri nær „að senda félaginu handrit og skjöl og prentaðar íslenskar bækur, þær sem nokkuð eru sjaldgæfar, heldur en að rífa þær eða brenna, eða láta fúna niður til ónýtis“ og bætti við að með Íslendingum hafi vaknað „sú tilfinning, að hið íslenska bókmenntafélag stæði þessháttar gjöfum næst, eins og líka satt er.“⁹⁶ Tveimur vikum síðar gaf félagið út boðsbréf þar sem starfsemi þess var kynnt fyrir landsmönnum og jafnframt vakin athygli á því að félagið tæki „fegins hendi [á] móti alls konar handritum, fornum og nýjum ... annálum, ættartölubókum, kvæðum, rímum, bréfum, dómabókum, máldögum o.sv.frv.“⁹⁷ Hann benti jafnframt á að handritin yrðu tryggilega varðveitt í Kaupmannahöfn en þurfti þá að svara gagnrýnisröddum varðandi bruna er kom upp í húsnæði félagsins árið 1847 þar sem handrit og skjöl félagsins skemmdust, m.a. ÍB 31 4to eins og minnst var á í inngangsorðum greinarinnar.⁹⁸ Félaginu bárust fjölmörg handrit og óx safnið ár frá ári. Árið 1869 voru í safni

92 Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar* II.1 (Reykjavík: Heimskringla, 1955), 248.

93 ÞÍ. E.10.16. Þorvaldur Sigurðsson til Jóns Sigurðssonar 25. janúar 1848.

94 Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar* II.1, 248.

95 Sjá t.d. *Skýrslur og reikningar Hins íslenska bókmenntafélags* 1863–1864, ix og *Skýrslur og reikningar Hins íslenska bókmenntafélags* 1864–1865, ix.

96 Sama rit, viii.

97 *Boðsbréf til Íslendinga frá Hinu íslenska bókmenntafélagi* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1854), 2.

98 Handritasafn félagsins var þá lítið að vöxtum enda hófst formleg söfnun þess ekki fyrr en 1854. Sjá nánar um eldsvoðann: Páll Eggert Ólason og Björn M. Ólsen, *Hið íslenska bókmenntafélag 1816–1916*, 20–23.

Kaupmannahafnardeildir félagsins alls 771 handrit og árið 1885 voru þau orðin 1.550 talsins.⁹⁹

Stjórn Reykjavíkurdeildar félagsins ákvað að ráðast einnig í handrita-söfnun og birti auglýsingu þess efnis í *Þjóðólfi* í ágúst 1856.¹⁰⁰ Heimtur Reykjavíkurdeildarinnar urðu þó mun minni en Kaupmannahafnardeildarinnar en alls eignaðist Reykjavíkurdeildin 289 handrit. Kappið sem hún lagði á að safna handritum líkt og Kaupmannahafnardeildin má að einhverju leyti rekja til togstreitu þeirra á milli en forsvarsmenn Reykjavíkurdeildarinnar óttuðust m.a. að Danir myndu ná yfirráðum yfir Kaupmannahafnardeildinni og því væri óæskilegt að handrit væru send þangað.¹⁰¹ Jón Sigurðsson var ekki hrifinn af söfnun Reykjavíkurdeildarinnar og í bréfi sem hann ritaði til hennar 17. maí 1858 lagði hann til að handritasafn hennar yrði sent til Kaupmannahafnardeildarinnar.¹⁰² Þeirri tillögu var hafnað.¹⁰³

Þrátt fyrir að Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins væri í íslenski umsjón heyrðust enn óánægjuraddir varðandi handritasöfnun hennar. Einar Þórðarson (1818–1888) prentari gagnrýndi Jón t.d. harkalega í bréfi 30. nóvember 1863 fyrir hans eigin söfnun og söfnun Bókmenntafélagsins í Kaupmannahöfn:

Hvað gjörði þér við öll gömlu handritin sem þér hafið fengið frá Íslandi handa yður og bókmenntafélaginu? Hvar lenda þau, þegar þér hættið að hafa afskipti af þessum handritum, því dragið þér þetta út frá Íslandi; ég man eftir, að þegar þér voruð í broddi fylkinga í ræðum og ritum fyrir Íslendinga, að þér sögðuð, það var óhapp og illa gjört fyrir Ísland, þegar þeir Árni Magnússon og fleiri

99 Sigurður L. Jónasson, *Skýrsla um handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags* I (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1869); Sigurður L. Jónasson og Finnur Jónsson, *Skýrsla um handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags* II (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1885). Síðar bættust fleiri handrit við safnið. Í skrám Landsbókasafns telst það geyma 1.899 bindi: 1.610 úr Kaupmannahafnardeild og 289 úr Reykjavíkurdeild.

100 „Auglýsing frá deild hins íslenska bókmenntafélags í Reykjavík,“ *Þjóðólfur* 14. ágúst 1856: 132.

101 Sjá umræðu um sameiningu deilda Bókmenntafélagsins: Páll Eggert Ólason og Björn M. Ólsen, *Hið íslenska bókmenntafélag*: 96–127 og 197–198. Einnig: Björn M. Ólsen, „Jón Sigurðsson og Bókmenntafélagið,“: 252–257.

102 Lbs 193 NF. Hið íslenska bókmenntafélag. Einkaskjalasafn. Askja 23. Bréf frá Jóni Sigurðssyni til Reykjavíkurdeildar Hins íslenska bókmenntafélags 17. maí 1858.

103 Lbs 2017/19. Hið íslenska bókmenntafélag. Einkaskjalasafn. Viðbót. Box 46. Bréf frá Pétri Péturssyni til Jóns Sigurðssonar 17. júlí 1858. Í bréfasafni Jóns Þorkelssonar, rektors og forseta Reykjavíkurdeildar Bókmenntafélagsins, (Lbs 1405 4to) má glöggst sjá að oft var grunnt á því góða í samskiptum deildanna.

drógu gömlu handritin frá Íslandi til Kaupmannahafnar, og þetta var satt; eruð þér nú orðnir á annarri meiningu [?]¹⁰⁴

Þessar raddir komu víða fram — árið 1865 ritaði Jóhannes Guðmundsson á Gunnsteinsstöðum t.d. í bréfi til Jóns Sigurðssonar: „Það er eitthvað öfugt í því fyrir Íslendingum að þurfa endilega að hafa bókahillur sínar suður í Danmörku, og ... of langt fyrir okkur bændurna, að minnsta kosti, að seilast til þeirra þangað ...“¹⁰⁵ Velta má vöngum yfir því hver þróunin hefði orðið ef Jón hefði eingöngu hvatt landsmenn til að senda handrit sín til Landsbókasafns eða Reykjavíkurdeildar Bókmenntafélagsins í stað þess að falast eftir þeim til Kaupmannahafnar. Aðgengi að þeim til rannsókna í Reykjavík hefði vissulega aukist eins og andstæðingar flutninga handrita úr landi bentu á en að sama skapi var fræðasamfélagið í Kaupmannahöfn mun öflugra líkt og Jón taldi. Í þessum efnum gat hann skilið á milli fræðilegra sjónarmiða og þjóðernislegra, þ.e. hann taldi handritunum best fyrir komið þar sem þau nýttust til rannsókna og útgáfu.¹⁰⁶

Þrátt fyrir gagnrýnisraddir tókst Jóni að koma sér upp stóru handritasafni og stuðla jafnframt að vexti handritasafns Bókmenntafélagsins í Kaupmannahöfn. Þannig voru um 2.000 handrit samanlagt send frá Íslandi til Kaupmannahafnar á síðari hluta nítjándu aldar, ýmist í safn Jóns Sigurðssonar eða Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins.¹⁰⁷ Ástæður þess voru sennilega aðurnefndar vinsældir Jóns og greiðvikni en að auki má vera að ýmsir hafi talið handritum sínum betur komið í vörslu Jóns Sigurðssonar eða Bókmenntafélagsins en í safni Landsbókasafns í Reykjavík


104 ÞÍ. E.10.3. Einar Þórðarson til Jóns Sigurðssonar 30. nóvember 1863. Sjá um gagnrýni á handritasöfnun Árna Magnússonar: Bragi Þorgrímur Ólafsson, *Í útlendra höndum*, 48–51 og 122–125.

105 Lbs 2017/19. Hið íslenska bókmenntafélag. Einkaskjalasafn. Viðbót. Box 28. Jóhannes Guðmundsson á Gunnsteinsstöðum í bréfi til Jóns Sigurðssonar 16. ágúst 1865.

106 Sjá nánar um þessa stöðu Jóns sem stjórnmála- og fræðimanns: Clarence E. Glad, „Jón Sigurðsson. A Philologist Captive in the Image of a National Hero,“ *Old Norse-Icelandic Philology and National Identity in the Long Nineteenth Century*. Edited by Gylfi Gunnlaugsson and Clarence E. Glad. National Cultivation of Culture 28 (Leiden: Brill, 2022), 260–323.

107 Hér er átt við þau handrit sem send voru til Jóns í Kaupmannahöfn og í safn Kaupmannahafnardeildar Bókmenntafélagsins. Þá má einnig benda á handritasöfnun Fornfræðafélagsins en óvist er um heildarfjölda þeirra handrita sem barst félaginu þar sem skýrslur um handritaeign þess birtust í tímariti félagsins, *Antiquarisk Tidsskrift*, en ná aðeins yfir tímabilið 1846–1851. Safn Bókmenntafélagsins var keypt til Landsbókasafns árið 1901 en ýmislegt bættist þó við safnið síðar, þannig hefur ÍB 520 4to t.d. að geyma samtíning Jóns Borgfirðings, m.a. frá árinu 1910. Sjá um kaupin: Páll Eggert Ólason og Björn M. Ólsen, *Hið íslenska bókmenntafélag 1816–1916*, 28–34 og Jón Jacobson, *Landsbókasafn Íslands*, 172–174, 296–297.

sem bjó þá við lakar aðstæður og stjórnun sem Jón Árnason bókavörður kallaði „hreinasta absurdum“ í bréfi til Konrads Maurer (1823–1902) árið 1862.¹⁰⁸ Sumir höfðu jafnframt andúð á þéttbýlinu sem þar var að myndast. Benedikt Vigfússon á Hólum vildi t.d. frekar senda bóka- og handritasafn sitt „í Víti“ en til Reykjavíkur eins og sr. Skúli Gíslason (1825–1888) skrifaði í bréfi til Jóns Árnasonar í mars 1859.¹⁰⁹ Þá benti Eggert Ó. Briem (1811–1894) á að Reykjavík væri talin „nokkurs konar miðpunktur djöfullegrar eigingirni“ eins og hann komst að orði í bréfi til Jóns Borgfirðings árið 1868.¹¹⁰ Margir sendu handrit sín þannig fremur í umsjón Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn (í hans eigið safn eða safn Bókmenntafélagsins) frekar en til Landsbókasafnsins í Reykjavík eins og sjá má í skýringarmynd 2. Búseta Jóns



Skýringarmynd 2. Fjöldi handrita í íslenskum söfnum á nítjándu öld.

Heimild: Jón Árnason, *Skrá yfir prentaðar íslenskar bækur og handrit í Stiptisbókasafninu í Reykjavík*; Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II; Sigurður L. Jónasson, *Skýrsla um handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags* I; Sigurður L. Jónasson og Finnur Jónsson, *Skýrsla um handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags* II; Lbs 5093 8vo. Handrit Bókasafns Reykjavíkurskóla; Sigurður Guðmundsson, *Skýrsla um Forngrípasafn Íslands í Reykjavík* I; Sigurður Guðmundsson, *Skýrsla um Forngrípasafn Íslands í Reykjavík* II; Sigurður Vigfússon, *Skýrsla um Forngrípasafn Íslands í Reykjavík 1871–1875*.

Athugasemd: Hér er miðað við skráningu Forngrípasafnsins á þeim handritum sem bárust safninu en stundum voru nokkur skinnblöð skráð undir sama aðfanganúmeri. Við skráningu handrita Reykjavíkurdeldar Bókmenntafélagsins í handritasafn Landsbókasafns var sumum þeirra skeytt saman og annað afhent Þjóðskjalasafni og því eru bindin þar færri en í skrá Bókmenntafélagsins frá 1869 og 1885 (289 á móti 333).

108 *Úr fótum Jóns Árnasonar* I, 381.

109 Sama rit, 104.

110 ÍB 94 b fol. Eggert Ólafsson Briem til Jóns Borgfirðings 30. júlí 1868.

í Kaupmannahöfn og staða hans sem stjórn mála- og fræðimanns í rótgrónu fræðasamfélagi þar í borg fól því einnig í sér ákveðin tækifæri.

Önnur möguleg hindrun við söfnun Jóns var fólgin í opinberum störfum hans. Hann var launaður erindreki stjórnvalda í Danmörku í fjárkláðamálinu um miðbik nítjándu aldar, einu stærsta deilumáli Íslendinga á þeim tíma.¹¹¹ Þar skipaði hann sér í flokk þeirra sem vildu lækna sauðfé með lyfjum í stað þess að skera niður sem meginþorri landsmanna taldi heppilegri lausn. Sú afstaða kom hreinlega í veg fyrir handritasendingar til Jóns sem má t.d. greina í bréfi frá Jóni Borgfirðingi 27. ágúst 1860. Þar ræðir hann um handrit ónafngreinds manns sem Jón telur ólíklegt að vilji senda handrit sín til Kaupmannahafnar, einfaldlega þar sem hann sé á öndverðum meiði við skoðanir og aðgerðir Jóns í fjárkláðamálinu.¹¹²

Þá má benda á að sífellt fleiri fóru að safna handritum og sérstaklega bókum á svipuðum tíma og Jón. Stundum kom því upp hálfgerð kapphlaup milli Jóns og safnara hans og annarra handritasafnara. „Bækur fær þú engar nú, því nú er ég farinn að safna sjálfur“ segir Halldór Kr. Friðriksson t.d. í bréfi til Jóns í september 1866.¹¹³ Brynjólfur Oddsson (1825–1887), bókbindari á Ísafirði, hugðist falast eftir gátusafni Eyjólfss á Kirkjubóli (1841–1909) og senda til Jóns Árnasonar haustið 1859 en greip í tómmt „því eigandi þess kvaðst hafa sent gáturnar til Jóns Sigurðssonar fyrir nýr á vetur,“¹¹⁴ Steinn Steinsen (1838–1883) segir einnig í bréfi til Jóns Árnasonar 27. september 1861 að hann hafi verið að spyrjast fyrir um handrit í Vopnafirði en hafi fengið þau svör „að fyrir einu eða 2 árum hafi maður sem sigldi héðan verið að safna handritum fyrir einhvern í Kaupmannahöfn, líklega Jón Sigurðsson og að hann hafi náð miklu.“¹¹⁵ Hálfu ári síðar ritar Steinn bréf til Jóns á ný þar sem hann segist hafa orðið þess vísari að „útsendarar Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn haf[i] náð í það sem til var.“¹¹⁶ Erlendir aðilar höfðu jafnframt enn sem fyrr áhuga á íslenskum handritum, jafnvel úr safni Jóns sjálfs. Bogi Th. Melsteð (1860–1929)

111 Guðmundur Hálfdanarson, „Þjóðhetjan Jón Sigurðsson,“ *Andvari* 122 (1997): 40–62.

112 ÞÍ. E.10.7. Jón Borgfirðingur til Jóns Sigurðssonar 27. ágúst 1860.

113 *Bréf til Jóns Sigurðssonar. Úrval* III, 80.

114 *Úrforum Jóns Árnasonar* I, 136.

115 ÞÍ. 2018/139. Þjóðminjasafn Íslands BA1/1, örk 1. Steinn Steinsen til Jóns Árnasonar 27. september 1861.

116 ÞÍ. 2018/139. Þjóðminjasafn Íslands BA1/1, örk 2. Steinn Steinsen til Jóns Árnasonar 6. janúar 1862.

sagnfræðingur gat þess t.d. í blaðagrein í *Ísafold* í júlí 1885 að ónafngreindir enskir menn hefðu eitt sinn boðið Jóni 1.800 krónur fyrir eiginhandarrit Hallgríms Péturssonar að Passíusálmunum sem Jón eignaðist árið 1856 (JS 337 4to). Ekkert varð þó af þeirri sölu.¹¹⁷

Loks má geta að samgöngur innanlands höfðu áhrif á handritasöfnun á Íslandi á þessum tíma því að oft var ódýrara að senda handrit milli staða á Íslandi með því að sigla með þau til Kaupmannahafnar og þaðan aftur til Íslands heldur en að ferðast með þau innanlands yfir óbrúuð fljót og vegleysur. Þá væri í raun einfaldara að senda handrit beint til Jóns í Kaupmannahöfn. Þetta benti Jón á þegar handrit Guðmundar Einarssonar sýsluskrifara (1823–1865) voru keypt til Reykjavíkurdeildar Bókmenntafélagsins árið 1865 með töluverðum flutningskostnaði. Í blaðagrein í *Norðanfara* í júlí 1867 benti hann á að ef safnið hefði verið flutt til Kaupmannahafnar hefði sá kostnaður verið mun minni.¹¹⁸ Góðar og greiðar samgöngur við Danmörku í samanburði við samgöngur innanlands væri einmitt einn af mörgum kostum þess að varðveita íslensk handrit í Kaupmannahöfn. Í því samhengi má benda á að sr. Árni Helgason taldi þegar árið 1817 að hagkvæmara væri að stýra bókmenntalífi Íslendinga frá Danmörku því að þar væri prentkostnaður lægri en á Íslandi og betri samgöngur, jafnvel betri til Íslands heldur en á milli staða á Íslandi.¹¹⁹

Samsetning handritasafns

Í handritasafni Jóns eru 1.402 handrit sem fyrr segir. Til hægðarauka má skipta safninu í þrjá flokka.

Í fyrsta lagi eru þar einkaskjöl Jóns (241 handritsnúmer) sem hafa að geyma hans eigin fræðaskrif, uppskriftir, bréf og gögn sem varða félags-, stjórn mála- og þingstörf hans. Í raun má því segja að einkaskjalasafn hans sé hluti af handritasafninu.

Í öðru lagi eru í safninu uppskriftir af handritum sem mörg hver voru varðveitt á söfnum í Svíþjóð, á Bretlandseyjum og Íslandi og Jón nýtti við fræðastörf sín. Í safninu eru því 105 handrit er hafa að geyma uppskriftir,

117 Bogi Th. Melsteð, „Um landsbókasafnið,“ *Ísafold* 22. júlí 1885: 121.

118 Jón Sigurðsson, „Um bókmenntafjelagið,“ *Norðanfari* 23. júlí 1867: 57.

119 *Biskupinn í Görðum. Sendibréf 1810–1853*. Íslensk sendibréf II. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1959), 37–40. Sjá einnig: Kristín Bragadóttir, *Bókasafnarinn. Willard Fiske og Íslandssafn hans* (Reykjavík: Ugly, 2019), 138.

flestar frá Páli Pálssyni stúdent og Magnúsi Grímssyni á Íslandi, Sigurði Hansen (1815–1880), Indriða Einarssyni (1851–1939), Benedikt Gröndal og Sigurði Jónssyni (fóstursyni Jóns) (1851–1893) í Kaupmannahöfn og Guðbrandi Vigfússyni (1827–1889) og Jóni A. Hjaltalín (1840–1908) í Bretlandi.¹²⁰ Þannig eignaðist Jón gott safn uppskrifta af handritum sem erfitt var fyrir hann að nálgast og nýttust honum með einum eða öðrum hætti.

Í þriðja lagi má nefna handrit sem Jón eignaðist með öðru móti, þ.e. handrit sem hann fékk send eða handritasöfn sem hann keypti. Alls eru þau 1.056 talsins. Stóran hluta þeirra eignaðist hann úr safni Jóns Árnasonar (228), Finns Magnússonar (57) og Hallgríms Schevings yfirkennara (1781–1861) (40).¹²¹ Safn Jóns Árnasonar hefur að mestu að geyma kvæði, rímur, sögur, sálma og samtíning sem Jón forseti keypti árið 1875.¹²² Handrit úr fórum Finns eru af fjölbreyttum toga en þar á meðal eru minnisbækur hans og fleira af persónulegum gögnum sem Jón keypti á uppboði árið 1857.¹²³ Handrit Hallgríms eru að mestu málfræðilegs eðlis enda vann hann lengi að orða- og málsháttasöfnun samhliða kennslustörfum við Bessastaðaskóla og síðar Lærða skólann.¹²⁴ Jón eignaðist enn fremur handrit í nokkru magni frá Marteini Jónssyni gullsmið (13) og Boga Thorarensen (11). Aðrir nafngreindir gefendur gáfu tíu handrit eða færri, alls 124 talsins. Övíst er um uppruna 583 handrita.


120 Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson* V, 317. Sjá um vafstur fyrir Jón á söfnum á Bretlandseyjum: Stefán Einarsson, *Saga Eiríks Magnússonar í Cambridge* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1933), 26, 78 og 118.

121 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II, 451–713 og JS 577 4to, Handritaskrá Jóns Sigurðssonar. Sjá um kaupin á safni Finns: Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson* I, 348–349; Jón Jacobson, *Landsbókasafn Íslands*, 72–75. Um kaupin á safni Jóns Árnasonar og Hallgríms Schevings: Bragi Þorgrímur Ólafsson, *Í útlendra höndum*, 88 og 186–191.

122 Safnið er í JS 578–649 4to og JS 377–519 8vo.

123 Minnisbækur Finns eru í JS 163–193 8vo. Önnur handrit úr hans fórum eru dreifð víða um safn Jóns.

124 Safnið er í JS 427–441 4to, JS 81–84 8vo og JS 275–294 8vo. Jón gekk frá kaupunum 1. september 1875. Þjóðminjasafn Íslands. Safn Jóns Sigurðssonar 133 h. Reikningsbók Jóns Sigurðssonar 1. september 1875.



Skýringarmynd 3. Samsetning handritasafns Jóns Sigurðssonar.

Heimild: Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins II*, 451–713; Jakob Benediktsson, „Skrá um skinnblöð í Landsbókasafni Íslands“, JS 577 4to.

Þessum rúmlega þúsund handritum má með nokkurri einföldun skipta í tvo flokka: Annars vegar embættisskjöl veraldlegra og geistlegra embætta, s.s. bréfa- og dómabækur, mál dagar, vísitásiubækur og jarðaskjöl og tengd skjöl og handrit á borð við laga- og tilskipanasöfn og lögbækur sem tengdust embættisstörfum. Hins vegar handrit bókmenntalegs- eða sögulegs efnis af fjölbreyttum toga. Á sviði íslenskra bókmennta má nefna Eddurit, fornaldarsögur, Íslendingasögur, riddarasögur, rímur, þulur og kvæðasöfn, sálma og grafskriftir, leikrit og reisubækur, einnig gátur og orða- og málsháttasöfn. Fjöldmörg handrit er að finna á sviði sagnfræði og

persónusögu: annála, fræðimanna- og rithöfundatöl, ættartölur og ævisögur, og einnig handrit varðandi lýsingu Íslands: héraðs-, náttúru- og dýralýsingar og loks handrit af ýmsu tagi: lækningabækur, garðyrkjukver, ritgerðir um verslunarmál, samtíning um bókaútgáfu, bóka- og handritaskrár og svo mætti lengi telja enda vildi Jón eignast „allskonar handrit“ sem fyrr segir.

Langflest handritin í safni Jóns eru frá sautjándu öld og yngri, mörg eru rituð á æviárum hans og sum jafnvel stuttu fyrir andlát hans, t.d. JS 486 4to sem er uppskrift frá því um 1875 á bæklingi Odds Hjaltalíns læknis (1782–1840) um endurlífgun sem kom út árið 1820. Það elsta er meðal elstu handrita eða handritsbrotu sem varðveitt eru á Íslandi, skinnblað úr erlendra tíðabók frá því um 1100 (JS 10 fragm.).

Afdrif og skráning

Jón safnaði handritum alveg fram á síðustu æviár. Árið 1877 eignaðist hann t.d. *Rímur af Sigurgarði og Valbrandi* eftir Guðmund Bergþórsson (1657–1705) frá því um 1820 sem þá voru í eigu Hólmfriðar Þorvaldsdóttur (1812–1876) (JS 251 8vo). Ári síðar falaðist hann jafnframt eftir að fá handrit með kveðskap Páls Vídalíns lánuð frá Oxford „því ég vildi gjarnan safna ljóðmælum hans,“ eins og hann nefndi í bréfi til Eiríks Magnússonar 14. maí 1878.¹²⁵ Þá var Jón þó farinn að reskjast og lést einu og hálfu ári síðar. Safn hans var þá orðið að verðmætu safni fágætra bóka og handrita. Það nýttist Jóni fjárhagslega því að um 1866 gerði hann samkomulag við auðkýfinginn George Powell um ritun sex binda Íslandssögu og fékk háar fjárhæðir greiddar í því skyni, um 12.600 danska ríkisdali – „Þetta skiptir sköpum í fjármálum Jóns Sigurðssonar og gjörbreytir hag hans“ skrifar Guðjón Friðriksson í ævisögu Jóns.¹²⁶ Sem tryggingu veðsetti Jón handrita- og bókasafn sitt fyrir upphæðinni í Englandi. Ekkert varð þó af ritun Íslandssögunnar. Þegar frá leið urðu annir hans við þing- og fræðastörf og hrakandi heilsa til þess að hann komst aldrei í að vinna verkið. Á ódagsettum miða hefur Jón punktað niður mögulega lausn á málinu:

125 *Bréf Jóns Sigurðssonar. Nýtt safn* (Reykjavík: Bókadeild Menningarsjóðs, 1933), 241.

126 Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson* II. bindi, 350. Sjá um samskipti Jóns og Powells: Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, 205–341.

Handrit mín og bækur verða afhentar til Íslands (sem gjöf frá J.S. og G.P.) alternative: Ég reyni að fullgjöra Íslandssögu og fæ þar fyrir hina ákveðnu borgun, sem ég hefi með tekið. Eða ég borga aftur það, sem E.M. [Eiríkur Magnússon] finnst sanngjarnt með til tekinni summu á ári, t.d. 600 krónur. Það sem verður ritað af sögunni og búið til prentunar sér G.P. [George Powell] um kostnað fyrir, hvort sem hann vill heldur láta prenta það á íslensku einungis eða með útleggingu, en handritið sjálft er talið borgað með því, sem ég hef meðtekið. Fyrir milligöngu sína fær E.M. £100, þegar ég hef meðtekið andvirði bókanna og handritanna hjá stjórninni.¹²⁷

Þarna virðist Jón hugleiða hvernig væri hægt að koma í veg fyrir að safn hans myndi glatast. Einn möguleikinn væri að Jón og Powell myndu í sameiningu gefa safnið til Íslands, annar að Jón myndi reyna að klára umsamda Íslandssögu eða sá þriðji að borga til baka það sem hann fékk frá Powell. Tryggvi Gunnarsson og Eiríkur Magnússon (1833–1913), návindir Jóns, reyndu einnig að finna lausn á málinu, en helst datt þeim í hug að gera Powell til góða á einhvern hátt með e.k. vegsemd, heiðursfélagaaðild að Bókmenntafélaginu, minnisvarða eða öðru gegn því að sleppa skuldinni.¹²⁸ Eftir miklar vangaveltur ræddi Eiríkur þetta mál við Powell í desember 1877 þar sem kom fram að hann myndi ekki innheimta skuldina.¹²⁹ Hefði Powell gengið að safninu væri það e.t.v. nú varðveitt í Bandaríkjunum eða Bretlandi því að Powell lést árið 1882, aðeins fertugur að aldri, og fluttist ekkja hans til Bandaríkjanna og giftist þar aftur.¹³⁰ Óvíst er hvort hún hefði tekið safnið með sér eða reynt að koma því í verð í Bretlandi. Þá má benda á að í *Norðlingi* í apríl 1880 var lagt til að safn Jóns yrði afhent til Möðruvallaskóla sem stofnaður var sama ár.¹³¹ Safnið hefði þá e.t.v. orðið eldi að bráð en árið 1902 kom upp eldur í húsnæði skólans þar sem Ólafur Davíðsson, þjóðsagnasafnari og náttúrufræðingur, (1862–1903) missti mörg handrit, bæði sín eigin og nokkur sem hann hafði í láni, bókasafn Jóns A. Hjaltalíns skólastjóra (1840–1908) glataðist í eldinum

127 Lúdvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, 298–299. JS 144 fol. (bréf, uppköst og minnisblöð JS).

128 Sama rit, 305–306.

129 Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson II*, bindi, 541–543.

130 Lúdvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, 340.

131 [Án höfundar/titils] *Norðlingur* 6. apríl 1880: 27.

og einnig bækur og „tvö handrit merkileg“ Stefáns Stefánssonar kennara (1863–1921) eins og segir í *Norðurlandi* í mars 1902.¹³²

Í ágúst 1877 samþykkti efri deild Alþingis að verja allt að 25.000 krónum af fjárlögum næstu tveggja ára til kaupa á handrita- og bókasafni Jóns Sigurðssonar forseta.¹³³ Í umræðum á þinginu sagði Jón Pétursson (1812–1896) yfirdómari að safnið væri „hin dýrmætasta eign og margfalt betri fjársjóður fyrir Ísland en einar 25.000 krónur“ og Ásgeir Einarsson þingmaður Húnvetninga sagði að sjálfsagt væri að kaupa það „svo framarlega sem Íslendingar virtu nokkurs fornfræði lands síns ...“.¹³⁴ Ákvörðunin var þó ekki óumdeild því að kaupverðið var 4% af áætluðum heildarútgjöldum fjárlaga næstu tveggja ára, á sama tíma og aðhaldsstefna var ríkjandi í fjármálum landsins.¹³⁵ Grímur Thomsen (1820–1896) formaður fjárlaganefndar „hvítnaði í andliti og hristi höfuðið“ þegar Tryggvi Gunnarsson (1835–1917), þingmaður Suður-Múlasýslu, kynnti þessa hugmynd fyrir nefndinni eins og hann segir í endurminningum sínum.¹³⁶ Nokkru síðar lögðu þeir Konráð Gíslason og Vilhjálmur Finsen (1823–1892) mat á safnið, sem þá var í fórum Jóns í Kaupmannahöfn, og töldu að umsamin upphæð væri réttmæt. Þeir bentu á að í safninu væri að finna mikið af uppskriftum úr íslenskum fornritum, nokkra annála, uppskriftir ýmissa maldaga, uppskrift af Jarðabók Árna Magnússonar, ágrip margra annarra jarðabóka, talsvert safn af frumrituðum skjölum og ritgerðum um íslenskt réttarfar, bókmenntir, tungu og sögu, kvæðasöfn og margt fleira.¹³⁷

Hinn 24. maí 1878 samþykkti Kristján IX. Danakonungur (1818–1906) kaupin og 12. júní sama ár fékk Jón andvirði þess greitt.¹³⁸ Hann lést rúmu ári síðar, 7. desember 1879, og var þá hafist handa við að flytja safnið til

132 „Möðruvallaskóli brunninn.“ *Norðurland* 29. mars 1902: 106.

133 *Alþingistíðindi* 1877 I, 213.

134 Sama rit, 209–210.

135 Í frumvarpinu voru heildarútgjöld árána 1878 og 1879 áætluð 628.663 krónur. *Alþingistíðindi* 1877 I, 8.

136 Tryggvi Gunnarsson, *Endurminningar Tryggva Gunnarssonar. Sérprent úr Tímanum* 1918 (Reykjavík: [s.n.], 1918), 125.

137 *Stjórnartíðindi* 1878 B, 107. Sjá um kaupin á handritasafni Jóns og aðdragandann að þeim: Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, 205–339. Einnig: Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson* IV. bindi, 48–49 og V. bindi, 326–328.

138 *Stjórnartíðindi* 1878 B, 107. Lúðvík Kristjánsson tilgreindi að kaupin hefðu verið frágengin ári síðar (þ.e. 12. júní 1879) en það kemur ekki heim og saman við dagsetningu á kaupsamningnum sem varðveittur er í JS 172 fol. Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, 317.

Íslands. Það barst til landsins í þremur sendingum í mars, apríl og maí 1880 í alls 43 kössum og komst formlega í vörslu Landsbókasafns árið 1881 þar sem það hefur verið æ síðan.¹³⁹ Handritum Jóns Árnasonar, sem Jón hafði keypt 1875 og voru varðveitt í Reykjavík, var bætt við safnið samkvæmt samkomulagi nafnanna þar um og árið 1888 skilaði Árnafnd nokkrum handritum úr safni Jóns sem hún hafði haft í láni.¹⁴⁰ Þá afhenti Stjórnarráð Íslands árið 1911 samtíning Jóns frá því í júní 1878 um bóka- og handritasafn sitt sem var bætt við safnið og einnig gögn um dánarbúi þeirra hjóna (JS 171–172 fol.). Bréf Jóns voru varðveitt á Landsbókasafni (JS 141–142 fol.) og Þjóðskjalasafni (E.10). Þar eru jafnframt varðveittir ýmsir reikningar Jóns, blaðaúrklippur og gögn vegna dánarbúsins (E10.17–23).¹⁴¹

Ýmislegt hefur verið fært til innan handritasafns Jóns eða afhent Þjóðskjalasafni í árunna rás. JS 443–445 4to var t.d. upphaflega í JS 82 fol. og ýmis skjöl úr JS 607–608 4to voru síðar afhent Þjóðskjalasafni ásamt JS 101 fol., JS 131–132 fol., JS 136 fol. og JS 216 4to ásamt nokkrum fornbréfum. Þá voru ýmis skinnblöð og fornbréf tekin úr handritum úr safni Jóns og skráð sérstaklega þegar Jakob Benediktsson (1907–1999) tók saman skrá yfir skinnblöð í handritasafni Landsbókasafns árið 1959.¹⁴²

Þegar fréttir bárust af því að yfirvöld hefðu keypt safn Jóns til landsins skrifaði Jón Ólafsson (1850–1916) ritstjóri í *Skuld* árið 1881:

Vér höfum nýlega ... keypt handritasafn og bókasafn Jóns Sigurðssonar fyrir 25.000 kr. – Það sýnir, að vér metum þó bókmenntalega fjársjóði nokkurs. En til hvers höfum við keypt þetta? – Ekki til að láta það fúna niður og liggja ónotað sem gull í jörðu grafið. Nei! Þær ástæður, sem knúðu oss til að kaupa safn þetta, þær sömu ástæður verða og að hvetja oss til að sjá svo um, að fjársjóður þessi verði hagnýttur.¹⁴³

139 *Stjórnartíðindi* 1881 B, 81. Sjá: Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, 335–336. Sjá einnig: Jón Jacobson, *Landsbókasafn Íslands*, 123–124 og 133–135. Bóka- og handritasafn Jóns kom til landsins í 39 kössum og svo skrár að auki í fjórum kössum.

140 Jón Jacobson, *Landsbókasafn Íslands*, 137–138, 152.

141 Sjá um bréfasafn Jóns og varðveislusögu á Þjóðskjalasafni: Gísli Baldur Róbertsson, „Eftir hvaða leiðum barst Þjóðskjalasafni bréfasafn Jóns Sigurðssonar forseta (1811–1879)?“ Þjóðskjalasafn Íslands. Heimild mánaðarins. <https://heimildir.is/heimild-manadarins-november-2023/> Sótt 8.8.2025. Á Þjóðminjasafni eru jafnframt varðveittar minnisbækur Jóns í Safni Jóns Sigurðssonar.

142 Jakob Benediktsson, „Skrá um skinnblöð í Landsbókasafni Íslands.“

143 Jón Ólafsson, „Landsbókasafnið,“ *Skuld* 22. janúar 1881: 299.

Ein af forsendum þess að hægt væri að nota safnið var að gerð yrði aðgengileg skrá yfir það eins og kallað var eftir strax í desember 1879. Ónafngreindur greinarhöfundur skrifaði í *Mána* á Þorláksmessu það ár:

Bóka- og handritasafn Jóns Sigurðarsonar er nú þegar orðið landsins eign, er flytst hingað upp á sínum tíma, en eigi er allt unnið fyrir það; landsmenn vita eigi sjálfir hvað þeir hafa keypt, meðan engin skrá (Catalog) er yfir bókasafnið. Viljum vér því stinga upp á því, að heppilegt mundi vera að næsta alþingi (fyrst það eigi var gjört þegar í sumar) veitti fé til þess að skrá yfir bóka og handritasafnið yrði samín og prentuð, er alþjóð á heimting á, þar eð verð safnsins er greitt úr landssjóði.¹⁴⁴

Það leið þó hálf öld þar til skrá yfir safnið birtist loks á prenti í II. bindi fyrrnefndrar skrár Páls Eggerts Ólasonar yfir handritasafn Landsbókasafns en það bindi kom út 1931–1932.¹⁴⁵ Upplýsingar úr skránum voru svo færðar yfir á vefinn handrit.is rúmum 80 árum síðar og þar má jafnframt skoða þó nokkur handrit úr safni Jóns sem hafa verið mynduð.

Niðurstöður

Saga einstakra handritasafnara og safnana þeirra er mikilvægur hluti af íslenskum handritaarfi. Í þessari grein hefur stuttlega verið fjallað um hina viðamiklu handritasöfnun Jóns Sigurðssonar forseta er hófst um 1840 og stóð allt fram að andláti hans árið 1879. Upphaf söfnunarinnar má einkum rekja til þess að Jón hafði töluverðar áhyggjur af erlendri ásælni í íslensk handrit og skjöl, bágra varðveisluskilyrða á Íslandi og fræðaáhuga hans sem setja má í samhengi við þann mikla söfnunar- og skráningaráhuga fræðimanna víða um Evrópu á sama tíma. Söfnunarstefna Jóns var afar víðfeðm — hann vildi einfaldlega eignast allt er laut að Íslandi, gamalt og nýtt, prentað og handskrifað. Sú stefna var afar metnaðargjörn miðað við stöðu hans á þeim tíma er hann hóf söfnunina en þá var hann á þrítugsaldri og bjó við takmörkuð úrræði fyrir slíka söfnun, ólíkt söfnurum úr embættis-

144 „Bóka og handritasafn,“ *Máni* 23. desember 1879: 23.

145 Ýmsar handskrifaðar skrár höfðu þó verið teknar saman fram að þeim tíma, t.d. af Pálma Pálssyni árið 1890 (Lbs 5725 4to).

mannastétt á borð við Finn Magnússon. Jón eignaðist handrit einkum með þrennum hætti; með kaupum á einstaka handritasöfnum, með marglaga tengslaneti er aflaði honum handrita víða um land og með aðsendum handritum sem hann fékk frá Íslandi, oft gegn greiða eða útréttingum í Kaupmannahöfn.

Þrátt fyrir að Jóni hafi tekist að víða að sér um 2.000 handritum samtals í sitt eigið safn eða safn Bókmenntafélagsins þurfti hann að takast á við nokkrar hindranir við söfnun sína. Einkum komu fram gagnrýnisraddir þeirra er voru andsnúnir því að senda handrit úr landi til Jóns í Kaupmannahöfn og vildu frekar varðveita þau áfram á Íslandi. Í búsetu Jóns í Kaupmannahöfn voru þó einnig fólgin tækifæri því að margir töldu að handritunum væri einfaldlega betur fyrir komið í öflugu fræðasamfélagi Kaupmannahafnar þar sem þau kæmu að notum heldur en á Íslandi þar sem slíkt samfélag var á bernskuskeiði. Að auki voru samgöngumál innanlands með þeim hætti að einfaldara og ódýrara var að senda handrit til Kaupmannahafnar en á milli staða á Íslandi. Á hinn bóginn voru sumir er síður vildu senda Jóni handrit vegna aðkomu hans að fjárkláðamálinu sem olli honum töluverðum óvinsældum innanlands um tíma. Bágar varðveisluaðstæður skjala og handrita innanlands voru jafnframt ógn við söfnun Jóns og annarra en sífellt fleiri fóru að safna handritum líkt og Jón, svo að um nokkurs konar kapphlaup milli þeirra var að ræða.

Handritasafni Jóns má skipta í þrennt; hans eigin handrit og gögn er lutu að fræðastarfi hans og stjórnmalastarfi, uppskriftir ýmissa handrita af söfnum á Íslandi, Bretlandi og Norðurlöndum og loks handrit og handritasöfn er hann ýmist keypti eða fékk send. Þau eru allflest frá sautjándu öld eða yngri og af öllum gerðum í samræmi við söfnunarstefnu hans; bæði veraldleg og geistleg handrit og skjöl er lúta að Íslandi með einum eða öðrum hætti, einkum sögu þess og bókmenntum. Samið var um kaup safnsins til Íslands árið 1877 en það var um skeið í véböndum breska auðkýfingsins George Powells. Það barst til landsins vorið 1880 en nokkru áður hafði þegar verið kallað eftir skrá yfir safnið svo að landsmenn gætu nýtt sér það. Sú skrá kom þó ekki fram fyrr en hálfri öld síðar og hefur nú verið nýtt til enn frekari skráningar safnsins á vefinn handrit.is. Þar má jafnframt finna úrval myndaðra handrita er ungur fræðimaður í Kaupmannahöfn hóf að safna fyrir bráðum tveimur öldum.

HEIMILDASKRÁ

HANDRIT OG SKJÖL

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík
AM 960 4to. Þjóðfræðasafn úr fórum Fornfræðafélagsins.
NKS 3010 4to. Bréfasafn Jóns Árnasonar.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík
ÍB 93–105 fol. Bréfasafn Jóns Borgfirðings.
JS 141–144 fol. Bréfasafn Jóns Sigurðssonar.
JS 172 fol. Samtíningur um bóka- og handritasafn Jóns Sigurðssonar.
JS 577 4to. Handritaskrá Jóns Sigurðssonar.
Lbs 40 NF. Skjalasafn Landsbókasafns Íslands.
Lbs 193 NF. Hið íslenska bókmenntafélag. Einkaskjalasafn.
Lbs 2017/19. Hið íslenska bókmenntafélag. Einkaskjalasafn. Viðbót.
Lbs 1405 4to. Bréfasafn Jóns Þorkelssonar (rektors).
Lbs 2409–2415 4to. Bréfasafn Páls Pálssonar (stúdents).
Lbs 5093 8vo. Handrit Bókasafns Reykjavíkurskóla.
Lbs 5725 4to. Skrá yfir handritasafn Jóns Sigurðssonar.

Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík
ÞÍ. Biskupsskjalasafn C III. Bréfabók biskups 1854–1856.
ÞÍ. Einkaskjalasafn E.10. Jón Sigurðsson.
ÞÍ. 2018/139. Þjóðminjasafn Íslands. Skjalasafn.

Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík
Safn Jóns Sigurðssonar 133 h. Reikningsbók Jóns Sigurðssonar.

FRUMHEIMILDIR

Aðalgeir Kristjánsson. „Tillögur Finns Magnússonar um stofnun handrita- og skjalasafns á Íslandi.“ *Gripla* 4 (1980): 172–185.
Alþingistiðindi 1877.
Alþingistiðindi 1909.
„Auglýsing frá deild hins íslenska bókmenntafélags í Reykjavík.“ *Þjóðólfur* 14. ágúst 1856: 132.
[Án höfundar/titils] *Norðlingur* 6. apríl 1880: 27.
Basbanes, Nicholas A. *A Gentle Madness. Bibliophiles, Bibliomanes, and the Eternal Passion for Books*. New York: Henry Holt and Company, 1999.
Benedikt Gröndal. *Dagradvöl. Æfisaga mín*. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1923.
Biskupinn í Görðum. Sendibréf 1810–1853. Íslensk sendibréf II. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík: Bókfallsútgáfan, 1959.

Boðsbréf til Íslendinga frá Hinu íslenska bókmenntafélagi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1854.

Bogi Th. Melsteð. „Um landsbókasafnið.“ *Ísafold* 22. júlí 1885: 121.

„Bóka og handritasafn.“ *Máni* 23. desember 1879: 23.

Bréf frá Páli Melsteð til Jóns Sigurðssonar. Viðbætir við útgáfuna 1913.

Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1924.

„Bréf frá Sighvati Borgfirðingi til Jóns Sigurðssonar.“ *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 5 (1960): 112–114.

Bréf Jóns Sigurðssonar. Nýtt safn. Reykjavík: Bókadeild Menningarsjóðs, 1933.

Bréf til Jóns Sigurðssonar. Úrval. 3 bindi. Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, 1980–1991.

Catalogus librorum quos reliquit Finn Magnussen. Havniæ: [s.n.], 1857.

Jón Ólafsson. „Landsbókasafnið.“ *Skuld* 22. janúar 1881: 299.

Jón Sigurðsson. [Formáli] Jón Egilsson, „Biskupa–annálar.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju* I. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1856, 15–136.

Jón Sigurðsson. „Hallgrímur Pétursson.“ *Þjóðólfur* 8. desember 1855: 24.

Jón Sigurðsson. *Hið íslenska bókmenntafélag. Stofnan félagsins og athafnir um fyrstu fimmtíu árin 1816–1866.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1867.

Jón Sigurðsson. „Isländische Volkssagen der Gegenwart vorwiegend nach mündlicher Überlieferung gesammelt und verdeutscht von Konrad Maurer (Leipzig, 1860).“ [Ritdómur] *Ný félagsrit* 20 (1860): 190–200.

Jón Sigurðsson. „Registri yfir Íslands stiftisbókasafn. Viðeyar klaustri. Prentað á kostnað stiftisbókasafnsins 1842. 8.“ [Ritdómur] *Ný félagsrit* 4 (1844): 131–142.

Jón Sigurðsson. „Um Alþing á Íslandi.“ *Ný félagsrit* 1 (1841): 59–134.

Jón Sigurðsson. „Um bókmenntafjelagið.“ *Norðanfari* 23. júlí 1867: 56–57.

Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar: 1811–1911, 17. júní. Bréf Jóns Sigurðssonar. Úrval. Jón Jensson og Þorleifur H. Bjarnason sáu um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1911.

„Möðruvallaskóli brunninn.“ *Norðurland* 29. mars 1902: 106.

Skrifarinn á Stapa. Sendibréf 1806–1877. Íslensk sendibréf I. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1957.

Stjórnatíðindi 1878.

Stjórnatíðindi 1881.

Úr *blöðum Jóns Borgfirðings.* Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Menn og minjar. Íslenzkur fróðleikur og skemmtun 1. Reykjavík: Leiftur, 1946.

Úr *fórum Jóns Arnasonar.* 2 bindi, Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík: Hlaðbúð, 1950–1951.

„Viðbætir við fréttirnar.“ *Skirnir* 11 (1837): 123–124.

Þjóðsögur Guðmundar Sigurðssonar frá Gegnishólum. Kristján Eiríksson og Sjöfn Kristjánsdóttir sáu um útgáfuna. Ritroð Sögufélags Árnesinga II. Selfoss: Sögufélag Árnesinga, 2013.

- Aðalgeir Kristjánsson. *Nú heilsar þér á Hafnarslóð. Ævir og örlög í höfuðborg Íslands 1800 – 1850*. Reykjavík: Nýja bókafélagið, 1999.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir, „DFS 67.“ *Opuscula IX* (2003): 233–266.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „(Ó)Traustar heimildir. Um söfnun og útgáfu þjóðkvæða.“ *Skáldskaparmál 4* (1997): 210–226.
- Árni Snævarr. *Maðurinn sem Ísland elskaði. Paul Gaimard og Íslandsferðir hans 1835–1836*. Reykjavík: Mál og menning, 2019.
- Björn M. Ólsen. „Jón Sigurðsson og Bókmentafélagið.“ *Skírnir* 85 (1911): 234–259.
- Bragi Þorgrímur Ólafsson. *Í útlendra höndum. Jón Sigurðsson og handritasöfnun á Íslandi 1840–1880*. Doktorsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands (2022).
- „Bréfabók Jóns Halldórssonar.“ *Nýtt kirkjublað* 15. mars 1908: 63.
- Böðvar Kvaran. *Auðlegð Íslendinga. Brot úr sögu íslenzkrar bókaútgáfu og prentunar frá öndverðu fram á þessa öld*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1995.
- „Det historisk-archæologiske archiv.“ *Antiquarisk Tidsskrift* 2 (1846–1848): 38–47 og 154–172.
- „Det historisk-archæologiske archiv.“ *Antiquarisk Tidsskrift* 3 (1849–1851): 13–27 og 218–266.
- Einar Laxness. *Jón Sigurðsson forseti 1811–1879. Yfirlit um ævi og starf í máli og myndum*. Reykjavík: Sögufélag, 1979.
- Einar Laxness. „Sagnfræðingurinn Jón Sigurðsson.“ *Íslenska sögubíngið* 28.–31. maí 1997. Ritstjórn Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson. Ráðstefnurit I. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, 1998: 19–27.
- Finnur Jónsson. „Hið konúnglega norræna fornfræðafjelag 28.1.1825–1925.“ *Ársrit Hins íslenska fræðafjelags* 9 (1927–1928): 1–16.
- Finnur Jónsson. „Visindastörf Jóns Sigurðssonar.“ *Skírnir* 85 (1911): 153–184.
- Gísli Baldur Róbertsson. „Týnt blað úr bréfabók séra Jóns Halldórssonar í Hítardal kemur í leitirnar.“ Þjóðskjalasafn Íslands. Heimild mánaðarins, desember 2015. Sótt 5.5.2021. https://skjalasafn.is/heimild/tynt_blad_ur_brefabok_sera_jons_halldorssonar_i_hitardal_kemur_i_leitirnar.
- Gísli Baldur Róbertsson. „Eftir hvaða leiðum barst Þjóðskjalasafni bréfasafn Jóns Sigurðssonar forseta (1811–1879)?“ Þjóðskjalasafn Íslands. Heimild mánaðarins. <https://heimildir.is/heimild-manadarins-november-2023/> Sótt 8.8.2025.
- Glad, Clarence E. „Jón Sigurðsson. A Philologist Captive in the Image of a National Hero.“ *Old Norse-Icelandic Philology and National Identity in the Long Nineteenth Century*. Edited by Gylfi Gunnlaugsson and Clarence E. Glad. National Cultivation of Culture 28. Leiden: Brill, 2022, 260–323.
- Grímur M. Helgason. „Af skrifuðum skræðum er allt gott.“ Þáttur af skiptum Jóns Sigurðssonar og Jóns Borgfirðings.“ *Árbók Landsbókasafns Íslands*. Nýr flokkur 4 (1978): 53–65.
- Grímur M. Helgason og Lárus H. Blöndal. *Handritasafn Landsbókasafns. III. aukabindi*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1970.

- Grimur M. Helgason og Ögmundur Helgason. *Handritasafn Landsbókasafns. IV. aukabindi*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 1996.
- Guðjón Friðriksson. *Jón Sigurðsson I–II*. Reykjavík: Mál og menning, 2002–2003.
- Guðmundur Hálfðanarson. „Þjóðhetjan Jón Sigurðsson.“ *Andvari* 122 (1997): 40–62.
- Guðrún Nordal. „Það þarf annað en hjalið tómtil til að hrinda Íslandi á fætur aftur.“ Um viðbúnað Jóns Sigurðssonar. *Jón Sigurðsson. Hugsjónir og stefnumál. Tveggja alda minning 1811–17. júní 2011*. Ritstjóri Jón Sigurðsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011, 71–80.
- Gunnell, Terry. „Daisies rise to become oaks. The politics of early folktale collection on Northern Europe.“ *Folklore* 121:1 (2010): 12–37.
- „Hálfa öld í hjónabandi.“ *Lögberg* 22. ágúst 1912: 1.
- Hufnagel, Silvia. „The Library of the Genius. The Manuscript Collection of Rasmus Christian Rask.“ *Tabularia* 16 (2016): 305–327.
- Jakob Benediktsson. „Skrá um skinnblöð í Landsbókasafni Íslands.“ Lárus H. Blöndal, *Handritasafn Landsbókasafns. II. aukabindi*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1959, [eigið bls. tal].
- Jón Árnason. *Skrá yfir prentaðar íslenskar bækur og handrit á Stíptisbókasafninu í Reykjavík*. Reykjavík: Einar Þórðarson, 1874.
- Jón Helgason. „Íslensk handrit í British Museum.“ *Ritgerðakorn og ræðustúfar*. Reykjavík: Félag íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn, 1959: 109–132.
- Jón Helgason. *Handritaspjall*. Reykjavík: Mál og menning, 1958.
- Jón Jacobson. *Landsbókasafn Íslands 1818–1918. Minningarrit*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1919–1920.
- Jón Þorkelsson. „Um vísindalega starfsemi Jóns Sigurðssonar.“ *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 3 (1882): 1–30.
- Jón Þ. Þór. „Sagnfræðingurinn Jón Sigurðsson.“ *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 51 (2011): 101–114.
- Kristín Bragadóttir. *Bókasafnarinn. Willard Fiske og Íslandssafn hans*. Reykjavík: Ugly, 2019.
- Kristín Bragadóttir. *Willard Fiske. Vinur Íslands og velgjörðarmaður*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008.
- Lárus H. Blöndal. *Handritasafn Landsbókasafns. II. aukabindi*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1959.
- Leerssen, Joep. *National Thought in Europe. A Cultural History*. Third edition. Amsterdam: Amsterdam University Press, 2006.
- Lúðvík Kristjánsson. *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*. Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1961.
- Lúðvík Kristjánsson. *Úr heimsborg í Grjótaþorp. Ævisaga Þorláks Ó. Johnson*. Seinna bindi. Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1963.
- Lúðvík Kristjánsson. *Vestlendingar II.1*. Reykjavík: Heimskringla, 1955.
- MacGregor, Arthur. *Curiosity and Enlightenment. Collectors and Collections from the Sixteenth to the Nineteenth Century*. New Haven: Yale University Press, 2007.
- Margrét Gunnarsdóttir. *Ingibjörg. Saga Ingibjargar Einarsdóttur, eiginkonu Jóns Sigurðssonar forseta*. Reykjavík: Ugly, 2011.

- Már Jónsson. *Arnas Magnæus philologus (1663–1730)*. The Viking Collection. Studies in Northern Civilization. Odense: University Press of Southern Denmark, 2012.
- Páll Eggert Ólason og Björn M. Ólsen. *Hið íslenska bókmenntafélag 1816–1916. Minningarrit aldarafmælisins 15. ágúst 1916*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1916.
- Páll Eggert Ólason. *Jón Sigurðsson I–V*. Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, 1929–1933.
- Páll Eggert Ólason. *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins I–III*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1918–1937.
- Sigurður Guðmundsson. *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík I*. bindi. 1863–1866. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1868.
- Sigurður Guðmundsson. *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík II*. bindi. 1867–1870. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1874.
- Sigurður L. Jónasson og Finnur Jónsson. *Skýrsla um handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags II*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1885.
- Sigurður L. Jónasson. *Skýrsla um handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags I*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1869.
- Sigurður Lindal. *Hið íslenska bókmenntafélag. Söguágrip*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2016.
- Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson. *Minor Knowledge and Microhistory. Manuscript Culture in the Nineteenth Century*. Routledge Studies in Cultural History. New York: Routledge, 2017.
- Sigurður Vigfússon. *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík 1871–1875 [1876]*. Reykjavík: Ísafold, 1881.
- Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík II*. bindi. *Skjalasöfn klerkdómsins*. Reykjavík: Prentsmiðja Þjóðólfs og Gutenberg, 1905–1906.
- Skýrslur og reikningar Hins íslenska bókmenntafélags 1863–1865*.
- Stefán Einarsson. *Saga Eiríks Magnússonar í Cambridge*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1933.
- Sverrir Jakobsson. „Um fræðastörf Jóns Sigurðssonar.“ *Andvari* 136:1 (2011): 47–62.
- Tryggvi Gunnarsson. *Endurminningar Tryggva Gunnarssonar. Sérprent úr Tímanum 1918*. Reykjavík: [s.n.], 1918.
- Werlauff, E.C. „Biographiske efterretninger om Arne Magnussen; ved Jon Olafsen fra Grønnavik. Med inledning, anmærkninger og tillæg af E.C. Werlauff.“ *Nordisk Tidsskrift for Oldkyndighed* 3 (1836): 1–166.
- Werth, Romina. „*Vox viva docet*.“ *Um tengslanet milli safnara og heimildarmanna við þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar*.“ MA-ritgerð í þjóðfræði við Háskóla Íslands (2015).
- Yelena Sesselja Helgadóttir. „Alþýðleg fornfræði og Jón Sigurðsson forseti.“ *Góssið hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum*. Ritstjóri Jóhanna Katrín Friðriksdóttir. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2014, 80–95.

Yelena Sesselja Helgadóttir. „Dæmigerð þulusending í Árnasafni.“ *Handritasýrpa. Rit til heiðurs Sigurgeiri Steingrímssyni sjötugum 2. október 2013*. Ritsstjóri Rósa Þorsteinsdóttir. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2014, 159–181.

Ögmundur Helgason. „Landsbókasafn og íslensk fræði.“ *Mímir* 44 (1996): 41–44.

ÁGRIP

„Hugsaðu til mín, bróðir minn, ef þú sérð merkileg handrit, eða gamlar bækur vel um gengnar.“ Yfirlit yfir handritasöfnun Jóns Sigurðssonar 1840–1879

Efnisorð: Jón Sigurðsson, handritasöfnun, Hið íslenska bókmenntafélag

Í þessari grein er veitt yfirlit yfir handritasöfnun Jóns Sigurðssonar forseta. Greint er frá orsökum þess að Jón réðst í söfnunina, söfnunarstefnu hans og stöðu sem safnara, söfnunaraðferðum og tengslaneti, þeim tækifærum og hindrunum er urðu á vegi hans, samsetningu og umfangi handritasafnsins, fyrri rannsóknunum, afdrifum þess og skráningu.

SUMMARY

“Think about me, my brother, if you see noteworthy manuscripts or old books in good shape.” A survey of the manuscript collecting of Jón Sigurðsson 1840–1879

Keywords: Jón Sigurðsson, manuscript collecting, The Icelandic Literary Society

This article examines the manuscript collecting of Jón Sigurðsson (1811–1879) who played a leading role in the extensive collecting of Icelandic manuscripts in the mid-nineteenth century, both in his personal collection and the collection of The Icelandic Literary Society. It explores the motivations behind Jón’s engagement in the collection, his collection policies and position as a collector, his methods and networks, as well as the opportunities and challenges he faced. Furthermore, the article examines the composition of the manuscript collection, the circumstances of its acquisition, and its cataloguing.

Bragi Þorgrímur Ólafsson

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni

Arngrímögötu 3

107 Reykjavík

bragi.olafsson@landsbokasafn.is